



This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

### **Usage guidelines**

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:


- + *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.
- + *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.
- + *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.
- + *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

### **About Google Book Search**


Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at <http://books.google.com/>



13496.102







13486.103



RÓMEÓ OG JÚLÍA.

SORGARLEIKUR (TRAGEDIA)

EPTIR

*W. Shakspeare.*

MATTHÍAS JOCHUMSSON

HEFUR ÍSLENZKAD.

REYKJAVÍK.

PRENTAÐUR Í PRENTSMÍÐJU ÍSAFOLDAR.

1887.



294  
24

#

# RÓMEÓ OG JÚLÍA.

SORGARLEIKUR (TRAGEDIA)

eftir

W. Shakspeare.

---

**Matthias Jochumsson**

hefir íslenskað.



REYKJAVÍK.

PRENTAÐ Í PRENTSMÍÐJU ÍSAFOLDAR.

1887.



13486.103

Harvard College Library  
Von Maurer Collection  
Gift of A. C. Osolidge  
Jan. 15, 1966

RÓMEÓ OG JÚLÍA.



## PERSÓNUR :



*Eskaus*, fursti í Verónu (Verónsborg).

*París*, greifi, frændi furstans.

*Montag* (Montague) } höfuðsmenn tveggja sætta,  
*Rómeó*, sonur hans. } sem eiga í deilum.

*Kapúlett*.

Frændi Kapúletts, gamalmenni.

*Merkútíó*, frændi furstans, vinur Rómeós.

*Benvóló*, frændi Montags og vinur Rómeós.

*Tíbalt*, systursonur frú Kapúletts.

Bróðir *Lárenz* (Lárentíus), af reglu Fransiskus.

Bróðir *Jón*, af sömu munkareglu.

*Balthasar*, þjónn Rómeós,

*Samson*

*Gregoríus* } þjónar Kapúletts.

*Abraham*, þjónn Montags.

*Pétur*, sveinn föstrunnar.

Hljóðfærasveinar.

Sveinar Parísar greifa.

Embættismaður.

Apótekari.

Frú Montag.

Frú Kapúlett.

*Júlía*, dóttir Kapúletts.

Fóstra Júlíu.

Borgarar í Verónu, grimuleiksfólk, hljóðfæramenn, varðlið, o. fl.

Leikurinn fram fer í Verónu, og upphaf 5. þáttar í Mantúu.





## I. þáttur.

### I. atriði.

#### Borgartorg.

(Samson og Gregorius koma; báðir bera skjöld og sverð.)

*Sams.:* Það segi eg satt, Gregorius: við látum ekki frýja okkur hugar.

*Greg.:* Erum við ekki frjálsir og frfir?

*Sams.:* Jeg meinti, ef okkar væri frýjað, þá mundum við bregða.

*Greg.:* Væri brugðið að hálsinum á þér, þá mundi þú vilja fría.

*Sams.:* Jeg er fljótur til höggs, sè mèt komið af stað.

*Greg.:* En þér er ekki fljótt komið af stað til höggs.

*Sams.:* Einn rakkinn þeirra Montags fær komið mèt af stað.

*Greg.:* Að komast af stað er sama sem að taka til fótanna, og sè þér því komið af stað, þá leggur þú á flótta.

*Sams.:* Hver hundur, sem þar á heima, fær komið mèt á stað, svo jeg hopi hvergi á hæl. Hverjum

manni og mey úr Montagshúsi skal jeg steypa af stokki, óðara en jeg sè einhvern fyrir framan mig.

*Greg.*: Þá ertu bleyða, því sá veikari er ætíð við þilið.

*Sams.*: Já, það er satt, því konurnar liggja ætíð fyrir ofan, af því að þær eru veikara kerid. Þess vegna skal jeg steypa körlunum hans Montags af stokki, en kvennfólkinu upp fyrir mig.

*Greg.*: En deilan er ekki nema milli húsbænda okkar, og svo milli okkar manna þeirra.

*Sams.*: Það læt jeg mig einu skipta; jeg skal hamast eins og harðstjóri og leggja fyrst karlfólkið að velli, en kveða síðan dóminn yfir meyjunum.

*Greg.*: Dóminn yfir meyjunum?

*Sams.*: Já, dóminn yfir meyjunum eða meydómunum; þú mátt skilja það á hvern hátt, sem þú vilt.

*Greg.*: Skilji þeir, sem á því kenna.

*Sams.*: Já, jeg skal kenna þeirra, svo að það kennist, hve stinnur jeg er; því ekki er að efa fjörfiskinn í mèt.

*Greg.*: Væriðu fiskur í fjöru, væriðu harðasti hákarl. En, dragðu dragvendilinn! Þar koma tveir af Montags fólki.

(Abraham og Balthasar koma.)

*Sams.*: Jeg held á berum brandinum; leita þú á þá, jeg skal bakjarla þig.

*Greg.*: Snúa að mèt bakinu? Viltu flýja?

*Sams.*: Vertu óhræddur fyrir mèt.

*Greg.*: Skrattinn fjarri mèt! Óhræddur jeg fyrir þér?

*Sams.*: Við skulum hafa réttinn okkar megin; látum þá hafa upptökin.

*Greg.*: Jeg ætla að glotta, þegar þeir fara hjá, og mega þeir taka það upp sem þeir vilja.

*Sams.*: Og sem þeir þora. Jeg ætla að smella með fingrunum framan í þá, og er það þeirra skömm, ef þeir þola það.

*Abrah.*: Ertu að smella fingrunum framan í okkur, lagsi?

*Sams.*: Nei, jeg er að smella fingrum, lagsi.

*Abrah.*: Ertu að smella þeim framan í okkur?

*Sams.* (til *Greg.*): Er rétturinn okkar meginn, ef jeg segi já?

*Greg.*: Nei.

*Sams.* (til *Abrah.*): Nei, lagsi; jeg smelli ekki fingrum framan í ykkur, en jeg smelli fingrum.

*Greg.* (til *Abrah.*): Ertu að mana okkur, lagsi?

*Abrah.*: Mana, lagsi? Nei, lagsi.

*Sams.*: Ef þið gjörðið það, þá er herna manni að mæta; jeg þjóna fullt eins góðum húsbónda eins og þið.

*Abrah.*: Engu betri þó.

*Sams.*: Svo, lagsi?

(Benvoltó kemur álengdar.)

*Greg.*: Segðu betri; hér kemur nú frændi húsbóndans.

*Sams.*: Jú, jú; betri, lagsi.

*Abrah.*: Þú lýgur það.

*Sams.*: Svo bregðið, ef þið eruð ekki bleyður! Sýndu nú berserksganginn, Gregoríus.

*Benv.*: Hættið, glópar! hættið. (Þeir berjast). Sverð í sliður! Þið vitið ei hvað þið gjörðið!

(Slær sverðin úr höndum þeirra.)

(Tíbal kemur.)

*Tíb.* (til *Benvol.*): Og þú vilt bera sverð með bláuðum þrælum!

Kom, Benvoltó; líf hér bana þinn!



*Benu.:* Eg geng í milli; geym þú sverð þitt, ella beit því til þess að sætta þessa seggi.

*Tib.:* Með brugðnu sverði—að sætta! Þvílík orð eg hatast við sem heljarglóð og gjörvallt þitt Montags hyski og þig. Nú, hundur, dugðu!

(Þeir berjast.)

(Vinir ættanna koma og berjast líka; því næst koma ýmsir borgarmenn með barefli í höndum.)

*1. borg.:* Fram! axir, kylfur kesjur! höggvum, drepum

og kvistum bæði Kapúlett og Montag!

(Kapúlett kemur í náttserk með frú sinni.)

*Kap.:* Hvað gengur á? Heyr, heyr! Fær hingað sverð mitt.

*Frú Kap.:* Nei; hækju, hækju! Hvað vilt þú með sverðið?

*Kap.:* Mitt stóra sverð!—Þar glottir gamli Montag, og ögrar mér með sínu sverði brugðnu.

(Montag og frú hans koma.)

*Mont.:* Þú níðings-Kapúlett!—Nei, slepptu, slepptu!

*Frú Mont.:* Þú skalt ei fót mál fram að óvin þínum.

(Furstinn með föruneysi kemur.)

*Furstinn:* Uppreistar-fiknu þegnar, friðar fjendur, sem herðið guðlaust stál í granna blóði! Hvað? heyra þeir ei? Heyrið menn! dýr, vargar!

sem slökkvið heljarloga yðrar heiptar í purpurafossum sjálfra yðar æða— á kvalabekk! ef kastið þér ei óðar úr blóðhöndunum bráðu vopni' á jörðu, og hlýðið reiði-röddu yðvars drottins!

Þrjú borgarupphot út úr litlum kít!  
 Þið, gamli Kapúlett, og greifi Montag!  
 vor stræti hafið þrisvar æst í uppnám,  
 svo Verónsborgar gömlu göfugmenni  
 úr fögrum friðarskikkjum máttu klæðast  
 og leggja öldungs hönd á aldið sverð,  
 í friði ryðgað, ryðguðu gegn hatri.  
 Ef þið nú aptur brjótið borgar friðinn,  
 þið skuluð lífið láta fyrir griðrof.  
 Í þetta sinn skal hver sem skjótast heim;  
 en kom þú, Kapúlett, nú þegar með oss,  
 og eptir miðjan dag, þú, Montag, einnig  
 til ráðhúss vorrar fornu, frjálsum borgar,  
 að heyra frekar vilja vorn um málið.  
 Eg segi enn: sè fjör yður kært, þá farið!

(Furstinn fer með föruneysi sínu; Kapúlett, frú hans, Tíbalt og þjónar þeirra fara.)

*Mont.:* Seg, frændi, varstu hjá, er hófst sú rimma?

*Bern.:* Þeim þjónum ykkar, fjandmanns þíns og þín,  
 í fyrstu lenti saman, en er sá eg  
 þá berjast óða, brá eg sverði' og hugðist  
 að skilja þá. En þá kom Tíbalt óður  
 með brugðnu sverði og blès mér eyrun full  
 af frýjunarstormi, hjó sèr yfir höfuð  
 og út í loptið, sem með háði söng við,  
 en særðist eigi. Meðan við svo börðumst  
 í ákafa, þá komu fleiri' og fleiri,  
 og veittu ýmsir ýmsum, þar til furstinn  
 kom sjálfur að og skipaði' oss að skilja.

*Frú Mont.:* Æ, Rómeó, son minn! Seg mér hvar  
 hann er,  
 eg sæl er þess, hann laus við stríðið fer.



- Berw.:* Víst stundu fyrri, frú, en heilög sólin leit út úr glæsta gullsalnum í austri, þá gekk eg mig að heiman hyggju þungur og út í lundinn fagra fyrir vestan borg vora, og sè þar fyrir allar aldir þinn son á reiki; vildi tala við hann; þá leit hann við og leyndist inn í skóginn; eg bar þá saman hugsorg hans og mína, er hefur mesta önn, ef ein má vera, eg hélt því mína leið, en hann gekk sína, og kvaddi gjarna þann, er gjarna flýði.
- Mont.:* Hann hefur sèzt þar marga morgunstund, að vera að drýgja dögginu með gráti og þetta loptið þungum angurstunum, en undir eins og eygló, lífsins yndi, er farin lengst í austri' að draga upp, hin dimmu tjöld frá dagsins fögru sæng, þá læðist hann frá ljósi dagsins heim, minn hrellði son, og sezt þá fyrir einn og lokar gluggum sínum svo að ljósið hins ljúfa dags ei komist inn og býr sèr til sjálfur nóttu. Þessi hugsorg hans mun draga lán og heilsu honum frá, ef heilnæm ráð ei orsök meinsins ná.
- Berw.:* En færðu þessa orsök, frændi, að vita?
- Mont.:* Eg hvorki veit nè vita fæ af honum.
- Berw.:* Þú hefur spurt hann opt og einarðlega?
- Mont.:* Já, bæði eg og aðrir fleiri vinir; en hann, sem er sinn eiginn ráðanautur, í raununum er sjálfum sèr—eg segi ei trúr,—en heldur þagmælskur og þögull, svo fjarri allri uppljóstran og tali,

sem blómstur það, sem eiturormur nísti  
fyr en það gæti gefið blöð sín vindum,  
og tileinkað sinn fríðleik sælli sólu.  
En yrði kunnug oss hans rauna rót  
vèr ráða skyldum fegnir þar á bót.

(Rómeó kemur á lengdar.)

*Benv.:* Þar er hann kominn; eg skal bíða hær,  
ef unt er skal hann skripta fyrir mér.

*Mont.:* Með góðri játning blessist biðlund þín;  
en burt við skulum ganga, húsrú mín.

(Þau fara.)

*Benv.:* Gott morgunveður?

*Róm.:* Er þá morgun enn þá?

*Benv.:* Það er um dagmál.

*Róm.:* Sorgin tefur tímann.

Hver flýtti sér svo? var það faðir minn?

*Benv.:* Já.—Seg mér, hvaða sorg þér tefur tímann?

*Róm.:* Sú sorg, að sakna þess, sem styttnir hann.

*Benv.:* Þá ertu í sorgum?

*Róm.:* Út úr?

*Benv.:* Tómun ástum.

*Róm.:* Já, hennar ást, sem ástir mínar fékk.

*Benv.:* Þú, ást, sem ert svo undurblið að sjá,  
því ertu þó svo hörð, er reynir á?

*Róm.:* Þú, góða ást! sem gengur blind og stillt,  
þú getur ratað þangað, sem þú vilt!—  
Hvar borðum við?—Nei—hvað gekk áðan á?  
En seg mér ekkert; eg hef heyrt það allt.  
Hær gjörir hatrið mikið, ástin meira.—  
Heiptríka elska! elskuríka heipt!  
þú allt í öllu, kviknað út af engu!  
þú blýþungt fys! þú alvöru láta-læti!  
vansköpuð fegurð fagurs óskapnaðar!

Bly-fjöldur! kalda bál! þú bjarti reykur!  
þú heilsuleysis heilsa! vöku-svefn!  
sem ert ei það þú ert. Svo finst mér nú  
að elska ekkert vit og elska samt.  
Þú hlærð ei að?

*Benv.:* Nei, heldur mun eg gráta.

*Róm.:* Af hverju, vinur?

*Benv.:* Út af angri þínu.

*Róm.:* Sjá, ástin veldur þessu böli mínu,  
sem nóg er erfitt, þó að þú ei bætir  
á það með hluttekningu, sem mig grætir;  
því vinsemd sú, er sýna viltu mér,  
hún særir enn meir það, sem viðkvæmt er.  
Lík reyk er ástin, þeim er sorgir soga,  
og sífelt snýst í blíðan hvarma loga,  
en stundum verður hrygðartára haf.  
Hvað er hún fleira? Djúpsett dular-æði,  
drepanði eitur, ljúffeng heilsu-gæði.  
Far nú heill, frændi!

*Benv.:* Nei, eg fylgi þér,  
ef firrist þú mig, rangt þú gjörir mér.

*Róm.:* Æ, eg er utan við mig, er ei hér,  
er enginn Rómeó, hann er horfinn mér.

*Benv.:* Seg alvarlega, anntu? hverri þá?

*Róm.:* Á eg að bæta' á alvöruna og játa?

*Benv.:* Á alvöruna? Inn mér satt og rétt.

*Róm.:* Kref alvarlega sjúks manns erfðaskrár,  
og auka muntu' hans kvöl og sjúkdómsfár;  
en alvarlega sagt: eg elska konu.

*Benv.:* Þá hitti eg rétt, er eg gat upp á ást.

*Róm.:* Þú hæfinn ert. Og hún er afar-fögur.

*Benv.:* Bjart skotmark, frændi, hægast er að hitta.

*Róm.:* Þar hæðir þú samt rangt; sú góða mey  
er Dlönu lík, og lætur hittast ei  
af ástarörvum; skirleiks-gyðjan skær  
að skotum ástargoðsins litla hlær;  
úr yndishóta umsátrum hún flýr  
og augans brennivél hún frá sér snýr,  
og gullið það, sem glepur dýrðlings hjarta,  
ei glepur hana' að opna faðminn bjarta;  
af fegurð á hún auð, en er þó snauð;  
sá auður hverfur þegar snót er dauð.

*Benw.:* Svo? mun hún ógipt jafnan vilja vera?

*Róm.:* Sá viljinn meira tjón en hag mun gera,  
því yngismey, sem blíðan blóma felur  
hún blómi sinna niðja þar með stelur.  
Hún er of fríð, of vís, of vizku-fríð,  
er vill hún þóknast Guði fyrir mitt stríð;  
hún sór að hafna ást í eiði þeim  
eg andaður má lifa' í þessum heim.

*Benw.:* Svo gegn mér þá og gleym að hugsa' um  
hana.

*Róm.:* Svo kenn þú mér að gleyma' og hætta' að  
hugsa.

*Benw.:* Gef augum þínum frelsi; festu þau  
við fegurð aðra.

*Róm.:* Nei, það væri sama  
og festa hennar fastar mér í huga.  
Þær sælu, svörtu grímurnar, sem kyssa  
á ungum meyjum ennin, minna oss  
á tóma fegurð, sem þær feli inni.  
Hinn blindi gleymir seint, hve gullvægt er  
að geta seð. Já, far og sýn mér konu  
sem afbragðs-fríð er; fegurð hennar að eins

er skuggsjá til að skýra mér því betur  
að fegurð minnar fegurð sigri hinnar.  
Far vel; með gleymsku græðir þú ei mig.  
*Benv.:* Unz get eg það eg stend í skuld við þig.  
(Þeir fara.)



## 2. atriði.

Borgarstræti.

(Kapúlett, París og Þjónn koma.)

- Kap.:* Og Montag skal þeim sömu bótum svara.  
Oss ætti' að veita auðvelt, gömlum mönnum,  
að sjá í friði hëðan af hvor annan.
- Par.:* Þið báðir eruð haldnir heiðursmenn,  
og hörmung er um ykkar löngu deilu.  
En nú um bónorð mitt, minn beztí herra.
- Kap.:* Eg svara því, sem sagt eg hefi fyrri:  
hún dóttir mín er enn þá barn í öllu  
og hefur enn ei fyllt sín fjórtán ár;  
fyr tíminn eyðir tvennu sumar skrúði  
er tiltök ei að gjöra hana að brúði.
- Par.:* Eg þekki yngri konur orðnar mæður.
- Kap.:* Sú mæ, sem of ung giptist, of ung fölnar.  
Vit, jörðin felur öll mín unaðs blóm,  
hún ein er eptir og skal erfa okkur.  
Kom opt til hennar; sjá, hvort vill hún þig;  
því partur hennar vilja' er hjarta mitt,  
og hún er þín, ef gefa vill þér sitt.  
Að gömlum sið eg heimboð nú eitt held  
og hefi boðið mörgum gesti' í kveld,

sem vinir mínir eru; einnig þig  
 eg óska líka' að sjá þar gleðja sig.  
 Í mínu lága húsi muntu sjá,  
 hve mörg ein jarðnesk stjarnan lýsa má  
 um nótt, og kenna yndi hinna ungu,  
 er ylskreytt vorið frosthælana þungu  
 hins kalda vetrar tröður. Allt eins yndi  
 skal eg í kvöld í þínu vekja lyndi  
 með margri blómarósu; reyn og skoða,  
 og rós þá veldu, sem á dýrstan roða;  
 mín dóttir fylgir fríðum hópi svanna,  
 hún fyllir tölu hinna, muntu sanna.  
 Kom með mér.

(Réttir þjóninum bréf.)

En þú, sveinn, skalt fara' og finna  
 það fólk í Verónsborg, sem letrin inna  
 á bréfi þessu; hlaup og herm svo frá:  
 þinn herra vilji það í boði sjá.

(Kapúlett og París fara.)

*Þjón.*: Leita þá upp, sem skrifaðir standa hér  
 á? Skrifað stendur, að skóarinn eiri við sína alin og  
 skraddarinn við sinn leista, fiskarinn við sinn pens-  
 il og málarinn við sinn öngul. En jeg er út sendur  
 þær manneskjur til að uppgötva, hverra nöfn standi  
 hér skrifuð, en aldrei fæ jeg uppgötvað, hvaða nöfn  
 sú skrifandi persóna hafi hér á skrifað. Jeg verð  
 að fara til þeirra skriptlærðu.—Það ber vel í veiði.

(Rómeó og Benvólíó koma.)

*Benv.*: Nei, nei; því eldur slökkur annars eld,  
 og linast getur sár af sviða annars;  
 ef snýr þú í þig svima, snýrðu' hann af þér;



og berist eitur nýtt í augu þér,  
þitt eitrið gamla jafnskjótt horfið er.

*Róm.*: Eitt græðslu-blað er gæða-lyf.

*Berw.*: Við hverju?

*Róm.*: Við beinbrot þitt.

*Berw.*: Nei, Rómeó, ertu ær?

*Róm.*: Ei ær, en bundinn meir enn maður ær,  
í varðhald læstur, utan allrar fæðslu,  
húðstryktur, kvalinn.

(Til þjónsins.)

Gott kvöld, góður maður!

*Þjón.*: Guð blessi kvöldið. Kunnið þér að lesa?

*Róm.*: Já, mína kvöl í minni raunarollu.

*Þjón.*: Það hafir þér kannske lært utanbókar;  
en kunnið þér þá að lesa það, sem stendur innan-  
bókar?

*Róm.*: Já, ef eg þekki orð og alla stafi.

*Þjón.*: Þetta var talað í hreinskilni. Fylgi yður  
farsældin!

*Róm.*: Nei, bíddu, góður; eg er læs. (Les.)

„Signor Martíní, kona hans og dætur; Anselmó greifi og hinar  
fögru systur hans. Frherraekkjann Vitruvía; signor Placentíó og  
hans ástíðlegu bróðurdætur; Mercutíó og bróðir hans Valentínó;  
Kapúlett frændi minn og hans frú og dætur; hin fagra Rósalína  
bróðurdóttir mín; Lívía; signor Valentínó og Tibalt frændi hans;  
Lúció og hin glaðlynda Helena“.

(Fær þjóninum bréfið.)


Velkjörnir gestir. — Hvar er boðið búið?

*Þjón.*: Uppi.

*Róm.*: Hvar?

*Þjón.*: Til kvölds, heima hjá okkur.

*Róm.*: Hverjum þá?



*Þjónn*: Húsbónda mínum.

*Róm.*: Því hefði' eg fyrri átt að inna eptir.

*Þjónn*: Jeg skal þá segja yður það, svo þér þurf-  
ið ekki að spyrja. Húsbóndi minn er sá stóri, ríki  
Kapúlett, og sèrtu enginn af Montags mönnum, þá  
bið jeg þér að koma og tæma með okkur krús.  
Verið sælir.

*Benv.*: Í þessa venju-veizlu Kapúletts  
fer Rósalína, sem þér lízt á, líka  
með öðrum fríðleiksfrúm í Verónsborg;  
gakk þangað, og með óhlutdrægum augum  
þú meta skalt þar meyjarpípin bliða,  
þá mun í kráku breytast álpín fríða.

*Róm.*: Ef þessi augu láta sig svo leiða  
frá ljósri trú, þá kvikni í þeim bál—  
þau drukku opt, þó aldrei mættu deyðast—  
svo upp þau brenni fyrir guðlaust tál!  
Mín ástmey — önnur fegri! signuð sól  
ei sá frá eilífð fegra heims um ból!


*Benv.*: Á metum stóð hún ein í augum þér  
með yndis-jafnvigt móti sjálfri sèr;  
þær sömu kristalls vogir lát nú vega  
mót vífi þessu meyju glæsilega,  
sem nú við gildið sigrar fljóðin flest,  
þá finst sú tæpast góð, sem nú er bezt!

*Róm.*: Eg fer með þér, en öðru sinni ei,  
en undrast mína föguru hjartans mey.

(Þeir fara.)







## 3. atriði.

Herbergi í húsi Kapúletts.

(Frú Kapúlett og fóstur koma.)

*Frú K.:* Finn dóttur mína, fóstur. Hvar er stúlkan?*Fóstr.:* Við meydóm minn á mínu tólfta ári!

Jeg kallaði' á hana' áðan. Snotral meyfugl!

Guð sjø oss næstur; — hvar er telpan? Júlla!

(Júlla kemur.)

*Júl.:* Hver kallar?*Fóstr.:* Kallar? móðir þín.*Júl.:* Hér er eg.

Hvað þóknast yður móðir?

*Frú K.:* Heyr mig. — Þú fóstur láttu okkur einar

um augnablik; nei, fóstur, vertu kyr,

eg tek mig aptur; efnið máttu heyra.

Þú veizt að barn mitt er nú allvel þroskað.

*Fóstr.:* Jú, aldur hennar upp á hár veit jeg.*Frú K.:* Hún er ei fjórtán ára enn þá?*Fóstr.:* Nei,

jeg veðja fegin fjórtán tönnum — nei nei,

ekki þeim tíu, fjórar á jeg eptir —

þá er hún ekki fjórtán enn. Hvað langt er

til Mikjálsmessu?

*Frú K.:* Frekir fjórtán dagar.*Fóstr.:* Þeir mega vera fleiri eða færri,

þann dag að kvöldi er hún fjórtán ára;

hún og hún Sanna — Guð á okkur allar —

þær voru jafnar; — jæja, Guð á Sönnu, —

mér var hún of góð; — já, og sem eg segi,

á Mikjálsmessukvöld, þá er hún fjórtán;

jú þetta' er gullsatt; jú jeg man það, held eg,  
því síðan jörðin skalf eru' ellefu' ár,  
og hún var vanin frá; — nei, hvort eg muni; —  
þann sama ársins dag, og engan annan:  
eg hafði núíð remmirót á brjóstið,  
og sat í miðri sól við dúfuhúsið;  
til Mantúu þið hjónin höfðuð farið; —  
eg man þó dáltið, held eg; — sem eg segi,  
að þegar hún tók brjóstið, tók hún viðbragð,  
vesalings aulinn, af því remman kom til; —  
en hvað hún gretti sig og greip um spen-  
ann. —

Hvirr! — sagði húsið; jeg beið ekki boða  
en burt sem örskot, — já það gæti skeð; —  
og síðan eru liðin ellefu' ár.

Hún gat þá staðið ein, já — ef hún gat það!  
því hún gat hoppað, hlaupið til og frá;  
og daginn áður meiddi' hún sig á ennið,  
og bóndinn — gleðji' hann Guð í himna-  
ríki! —

sá var nú kátur, — kippti henni upp.  
„Nei“, segi'r hann, „dattstu núna' á nefið,  
Júlla?

Þú dettur apt'r á bóginn, ef þú eldist.  
Er ekki svo? — og eins og Drottinn á mig,  
þá hætti blessað barnið strax að gráta  
og segir: „Já“. — Á svei, nú rætist spaugið.  
Eg veðja: þó eg lifði' í þúsund ár,  
eg gleymi aldrei: „er ei svo?“ segi'r hann,  
og blessað seiðið þagnar, segir: „já“.

*Frú K.*: Já, nóg er komið; þegi þú um þetta.

*Fóstr.:* Já; hvernig get eg hlátri varizt, frú mín,  
að hún skyldi hætta að gráta' og segja „já“;  
og eg skal sverja að á enni barnsins  
var eins stór kúla' og meðal-hænuegg,  
því byltan var ei spaug og barnið æpti;  
„Já dattstu á nefið?“ segir maður minn,  
„þú dettur apt'r á bóginn ef þú eldist;  
er það ei Júlla?“ „Já“ seg'r hún og þagn-  
ar.

*Júl.:* Og þú átt líka' að þagna, fóstra, segi' eg.

*Fóstr.:* Já jeg er þögnuð. — Góður Guð sè með þér,  
þú ert það bezta barn, sem eg hef átt við,  
að lifa það þú giptist, væri gaman.

*Frú K.:* Nú, gott og vel, um gipting vil eg tala;  
hvað segirðu' um að giptast, góða dóttir?

*Júl.:* Það er sú upphefð, sem mig aldrei dreymdi'  
um.

*Fóstr.:* Já, upphefð; — væri eg ei fósra þín,  
segði' eg þú hefðir sokið tóma speki.

*Frú K.:* Jú, bústu nú að giptast; allmörg yngri  
er orðin heiðursfrú í Verónsborg  
og móðir, og mig minnir sama væri  
um mig á þessum stúlku-aldri þínum.  
Og svo eg ekki orðlengi, þá biður  
hinn vaski París þín og vill nú fá þín.

*Fóstr.:* Ó, svoddan maður, stúlka, svoddan maður!  
sem ber af öllum eins og væri' hann  
steyptur.

*Frú K.:* Verónu sumar á ei betra blómstur.

*Fóstr.:* Já, hann er bezta blómstur, það veit Drott-  
inn.

*Frú K.:* Nú, seg mér, geturðu' elskað þennan öðling?

Í kvöld við gildið færðu' að horfa á hann,  
 og lesa yngissveinsins andlitsbók,  
 hve ljúfa drætti letri fríðleikspenninn,  
 og sjá hve línan ein við aðra fellur  
 unz allt í heild að lokum saman smellur;  
 ef bók sú hefir vafin orð og vönd  
 þá veitir skýring fróðleg augans rönd;  
 og unnustinn er ástarbókin þýða,  
 sem ekkert vantar, nema bandið fríða.  
 Hver fiskur blikar fegurst gegnum sjá,  
 eins fögur sál í gegnum skæra brá;  
 og fögur bók mun flestum geðjast bezt  
 ef fallet mál í gullin spjöld er fest.  
 Svo veitir hann þær allt af auðlegð sinni,  
 en ekki verður þú í neinu minni.

*Fóstr.:* Nei, minni! nei, við manninn gildnar konan.

*Frú K.:* Svo, viltu giptast París, eður eigi?

*Júl.:* Eg ætla' að sjá hann fyr en ljóst eg segi;  
 en hvar sem eg minn augna bendi boga,  
 þá bendir þú, hvar ör eg skuli voga.

(Þjónn kemur.)

*Þjónn:* Frú góð! gestirnir eru komnir, borðin sett, kallað á yður, spurt eptir ungfrúnni, fóstrunni blótað í búrinu og allt er á tjá og tundri. — Jeg verð að fara og ganga um beina. Blessaðar komið fljótt.

*Frú K.:* Svo göngum dóttir, greifinn mun þín bíða.

*Fóstr.:* Þær glaðar nætur krýni daga blíða.

(Þær fara.)



## 4. atriði.

## Stræti.

Rómeó, Mercúttó, Benvóló með fimm grímmönnum, blysbæröndum og fleiri.)

*Róm.:* Á ræðan gamla' að afsaka' okkar inngang, eða eigum við að fara' inn forsvarslaust?

*Benv.:* Sá formálinn er fallinn nú úr gildi. Við notum engan blindings-bundinn Amor með Tartara-boga, lagðan ýmsum litum, sem fælir kvennfólk líkt og fuglahræða, nè utanbókar-þulur, umlaðar við innganginn og leiðrættar af öðrum. Nei, ætli þeir um okkur, hvað þeir vilja; við skulum hoppa hjá þeim og svo fara.

*Róm.:* Svo fá mér blysb, eg ætla ei að dansa. mitt skap er dimmt, því lát mig bera ljósið.

*Merc.:* Nei, Rómeó kæri, reyndu' að dansa með oss.

*Róm.:* Nei, dansið þið með létta skó og lundu, mín sál er þung sem blý og þrýstir mér til jarðar föstum, svo eg fæ ei hreyft mig.

*Merc.:* Þig lýir ástin, lána Amors vængi og fljúg með þeim úr fjötrum dauðlegs  
manns.

*Róm.:* Eg ber þau lemstur eptir örvar guðsins, að ekki stoða vængir, eg er bundinn og get ei fleytt mér spönn úr harma hyl, en hlýt að sökkva undir kærleiks fargi.

*Merc.:* Og sökkvir þú, þá sökkur veslings ástin, þú ert of harður við svo veika veru.

*Róm.:* Svo veika? Ástin, hún er hörð og úfin og hvöss og sár, og stingur eins þyrnir.

*Merc.*: Svo sting hana' aptur; steyptu henni flatir.  
Eg sting nú mínu höfði' í þetta slíður.

(Setur á sig grímu.)

Nú horfir grýla' á grýlur, svo má hver  
mitt greppitrýni horfa á, sem lystir  
svo roðni það, ef vill, en aldrei eg.

*Benv.*: Já, knýjum á og göngum ótæpt inn  
og taki hver til sinna fimu fóta.

*Róm.*: Nei, fá mér blys; þið létu hjörtu hoppið  
og hælum sláið gólf, sem ekki kvarta.  
Eg segi nú sem karlinn: „Hann má horfa,  
sem hugsa þarf um ljósin“; lát mig fá  
sem meðhjálpara' að hlusta' og horfa á.

*Merc.*: „Og þá er heima“, innti annar karlinn;  
en sèrtu meðhjálpari, þiggðu meðhjálp  
að draga þig úr dýi— fyrirgefðu,  
eg meinti ástum, sem þú syndir í.  
En þei! við brennum dagsins birtu, komum.

*Róm.*: Hvað? Dagsins birtu?

*Merc.*: Mók á miðjum vegi  
er minna þarft en kerti' á björtum degi.  
Þigg meining, sem er fim og fljót og snjöll  
og flytur meiri speki en vit vor öll.

*Róm.*: Þín meining var að ganga' á grímuleik,  
en grunn er spekin.

*Merc.*: Nei, þú veður reyk.

*Róm.*: Mig dreymdi draum í nótt.

*Merc.*: Mig dreymdi og.

*Róm.*: Hvað dreymdi þig?

*Merc.*: Að draumar stundum lygi.

*Róm.*: Já, draumar lýja þegar fast er sofið.



*Merc.*: Þær hefur þá veitt heimsókn drottning  
 Möbb,  
 nærkona allra álfa; hún, sem kemur  
 í mynd, sem ekki' er stærri' en agatsteinn  
 í fingurhring á hendi borgmeistara;  
 hún ekur fram með ari sólargeislaus  
 þvert yfir nefið þeim sem liggja' í svefni;  
 hjólrimar vagnsins eru' úr flugufótum,  
 en þak hans er úr engisprettu-vængjum,  
 en aktaumar úr ormavefi spunnir,  
 alt þrýtt og stangað tærum tunglskins  
 geislum;  
 úr veggjatrítlu langleggjum er svipan,  
 en ólin er úr mjúkum myglu-þræði,  
 vagnstjóri' er Mý, eitt lítið, gráklætt  
 grey,  
 svo langt um minni' en lítill ormur, kreistur  
 úr latrar telpu þumli; kerran sjálf  
 er gjörð af tómri hesluhnot af smiðnum  
 Íkorna eða meistararum Meli,  
 þeim æva-gamla Álfheims vagnasmiði.  
 Með þvílíkt glys hún ekur allar nætur  
 um elskandanna heila fram og aftur,  
 þá dreymir fólk um ástir; yfir knèn  
 á hirðmönnum, og hneigingar þá dreymir;  
 um lögfróðs fingur: fêvænlega dreymist;  
 um varir kvenna, og um kossa dreymt er,  
 en áblástrana opt hjá Möbbu fá þær,  
 er andi þeirra' af sætabrauði angar.  
 Opt anar hún á embættismanns nef,  
 og óðar dreymir hann sèr nýjan titil;

og stundum prikar hún með prestslamb  
   rófu,  
 í prófasts nös, svo karlinn dreymir óðar  
 hann fái ný og betri brauðaskipti.  
 En stundum ekur hún um hermanns háls,  
 hann hyggst þá vera' að kyrkja arga fjan-  
   menn,

sér vígskörð, launsát, spanskan dýrindal,  
 og dýki 15 álna, heyrir trumbur —  
 og hrekkur upp og blótar fjórar bænir  
 af bræði' og skelk og sofnar við það aptur.  
 Hin sama Möbb er það, sem fléttar fœxin  
 um nótt á hestum, og sem álfa-lykkjur  
 í illa greiddu hári kann að gjöra ;  
 en leysa þær er ætíð auðnuleysi,  
 og þetta er maran, sem á meyjum liggur,  
 ef sofna þær á bakið, svo þeim lærist,  
 að bera lífsins byrði eins og konur.  
 Og hún, hún, hún —

*Róm.:*    Nei, Mercúttíó, þeg, þeg!  
 Þú ert að tala' um ekkert.

*Merc.:*    Víst, um drauma,  
 sem eru fóstur heimskufullra heila,  
 af hægiljum og ímyndunum getin,  
 eins lætt á vog og loptið, sem við drögum,  
 og óstöðugri en kaldinn, sem nú klappar  
 um freðið brjóst á Norðra, unz hann ergist  
 og dregur sig til dög-glóanda Suðurs.

*Benn.:* Sá kaldinn blæs oss burt frá sjálfum oss ;  
 gildið er búið ; of seint víst mun orðið.

*Róm.:* Mig uggir helzt til snemma, því mitt hugboð  
 mèt spáir illu, sem nú yfir vofi



í stjörnum uppi; og mín vitji nú  
 sá feiknstafur við fagnað þessa kvölds,  
 sem feykir lífs míns veika' og kvalda skari  
 fyrir örlög fram að döprum skapa dómi.  
 En hann, sem stýrir stefnu lífskips míns,  
 hann stjórni seglum. Áfram, kátir bræður.

*Benó.:* Slá trumbuna! (Þeir fara.)

## 5. atriði.

Salur í húsi Kapúletts.

(Hljóðfæramenn og matsveinar koma.)

*1. matsv.:* Hvar er Pönnupottur, að hjálpa okkur  
 til að taka af? Sá pottaskefill og pönnusleikir!

*2. matsv.:* Ef að allt, sem heyrir til kurteisí, á að  
 liggja í tveggja manna höndum, þó óhreinum, þá  
 er illa farið.

*1. matsv.:* Taktu bríkarstólana; færðu matborðið;  
 gáðu að diskunum. Heyrðu, taktu, lagsi, frá bita af  
 möndlukökunni, og viljirðu eiga gott við mig, þá  
 láttu dyravörðinn hleypa þeim inn, henni Kvarnar-  
 Sönnu og henni Murru.—Anton! Skefill!

*2. matsv.:* Já, lagsi, hærna.

*1. matsv.:* Það er verið að gá að ykkur, spyrja  
 að ykkur, kalla á ykkur og leita að ykkur í stóru-  
 stofunni.

*3. matsv.:* Við getum ekki verið bæði hærna og  
 þarna. Verum nú að, strákar, og sá, sem lifir lengst,  
 fær soð og soðningu.

(Þeir fara á bak við.)

(Kafólett kemur með gestum sínum. Grímufólk.)

*Kap.:* Velkomnir, góðir gestir! Allar meyjar, sem ekki hafa þorn á sínum fótum, nú vilja' af ykkur hreyfast. Heyrið, stúlkur, vill nokkur neita dansi? Reigist nokkur, þá sver eg henni þorn. Á, hitti' eg kaunið! Velkomnir, herrar! Enn man eg þá æfi, að eg bar grímu' og gat þá hvískrað orði í stúlkueyra, sem var allvel þegið. Nú er það löngu búið, búið, búið. Velkomnir, herrar! — Spilamenn, nú spilið! Gef rúm, gef rúm! — Nú, færið fótinn, stúlkur! —

(Hljóðfærasláttur og dans.)

Nei, látið loga, drengir. — Burt með borðið, og temprið hitann; hér er orðin svækja. — Já, við og við er gaman sig að gleðja. — Æ, fá þér sæti, frændi, fá þér sæti; eg trúi nú sé út' um dans hjá okkur. Hvað langt er liðið síðan næst við sáumst á grímuleik?

*Frændi Kap.:* Víst þrjátfu' ár er það.

*Kap.:* Nei, langt frá, ei svo langt, nei, langt í frá því;

á hvítasunnu, hvað fljótt sem hún kemur, er tuttugu' og fimm ár frá því Lúki giptist, og þá bárum við báðir grímur síðast.

*Fr. Kap.:* Nei, það er lengra, lengra; sonur hans er orðinn þrjátfu' ára.

*Kap.:* Þetta skaltu ei segja mér, því fyrst í hitt ið fyrra hann fékk sinn lögaldur.



*Róm.* (við þjón): Hver er sú mey, sem manni rættir þar

með yndishýru hönd?

*Þjónn*: Eg veit það ekki.

*Róm.*: Svo ljómar hún, að ljósinn glaðna björt, eins lýsir af henni næturkinnin svört, sem blökkumannsins hlust af björtum stein'; sú blómarós er vorri jörð of hrein; sem snjóhvít dúfa svörtum krákum hjá í svanna flokki, er hún til að sjá. Við enda leiksins læðist eg og tek í ljúfrar mund, þótt hönd mín verði sek. — Mun eg hafa' elskað fyr? Seig, auga, nei, því aldrei leizt mér svo á nokkra mey.

*Tibalt*: Sá rómur er víst rómur Montags manna. — Sæk sverð mitt, drengur.—Þorir þrællinn sá að troða sér hér inn, sem gömul grýla, að hæða' og spotta veizlugleði vora? Við sæmd vors húss eg sver að hann skal falla,

og synd má hver, sem lystir, vígið kalla.

*Kap.*: Nú, hvað þá, frændi? hvað skal þetta æði?

*Tib.*: Sjá þarna, frændi, fjandann einn hans Montags;

sá þrjótur vill nú gjöra gems og spjöll, og gleði manna spilla' í vorri höll.

*Kap.*: Hinn ungi Rómeó?

*Tib.*: Rómeó, já, sá hundur!

*Kap.*: Ver stilltur, frændi litli, látt' hann vera, hann hegðar sér sem horskum manni sæmir, og, meir' að segja, bærinn hrósar honum, að hann sé góður, stilltur, efnisdrengur;



nei; þótt mér byðist borgin öll í staðinn,  
 eg vildi ei hans vansa hér í húsi;  
 lát þú því kyrt og látst þú ekki sjá hann.  
 Eg segi þetta; viljir þú minn vilja,  
 í virðing hafa, sléttu þínar hrukkur,  
 sem illa hæfa góðri vina gleði.

*Tib.*: Víst hæfa þær, fyrst þrællinn sá er kominn;  
 eg þoli' hann ekki.

*Kap.*: Þolast skal hann víst!—  
 Nei, heyrðu, góður!—Hann skal víst, seg' jeg;  
 er jeg ei húss míns herra? eða þú?  
 „Eg þol' hann ekki“. — Guð minn góður!  
 já, já!

Þú vilt fá gesti mína' að gera uppnám;  
 vilt vera forrinn, fyrsti maður hússins.

*Tib.*: Nú, það er hrópleg hneysa —

*Kap.*: Vert' að, vert' að!  
 þitt óláns grey. Nú já já, ertu svona?  
 Þú skalt þig sjálfan fyrir hitta; heyrðu?  
 og þorir storka!—Þetta má eg ekki—  
 Já, þetta áfram, vinir!—Þú ert ganti!  
 ver kyr!—Nú lýsið, lýsið betur, gegnið!—  
 Jú, þú skalt spekjast.—Þeg, þeg—kátir, vinir!

*Tib.*: Hér mætir nauðug biðlund ofsa bræði,  
 á beinum skelf eg eins og leiki á þræði;  
 eg hætti; þó skal főr hans verða' að falli,  
 hún finst nú sæt, en verður brátt að galli.

(Fer.)

*Róm.* (tíl Júl.): Ef hönd mín syndug hefur flekkað nú  
 þitt helga dýrðlings skríni, ó, ljúfa hnoss!  
 að syndurum tveim með sannri ást þer snú,  
 er sekar varir heita', og þigg minn koss.



*Júl.* : Of hart þú metur handar þinnar sekt,  
því helgir siðir veita þetta hnoss ;  
við hendi dýrðlings hreyfa má með spekt,  
og handaband er þílagríma koss.

*Róm.* : En hafa' ei helgir munn, sem aðrir menn?

*Júl.* : Jú, maður sæll, en til að biðja með.

*Róm.* : Lát munn sem hönd mig helga þá í senn,  
ó, heilög náð ! að sturlist ei mitt geð.

*Júl.* : Þeir helgu bærast ei þótt náði brek.

*Róm.* : Svo bið þá meðan náðina eg tek.

(Kyskir hana.)

Nú flýði syndin mínum munni frá—

*Júl.* : Á munninn minn, sem frá þér hana tók !

*Róm.* : Á þinn ? Ó, eg vil aptur hana fá,  
hún er svo ljúf. (Kyskir hana.)

*Júl.* : Þú kyskir eptir bók.

*Fóstr.* (til Júl.): Hún móðir yðar, ungrú, spyr að  
yður.

*Róm.* : Hún móðir hennar—hver þá ?

*Fóstr.* : Ungi herra,

Já, hennar móðir, það er frúin hærna,  
hin mesta driptar-, ráðs- og reglukona,  
og hennar dóttur hef jeg fóstrað upp,  
sem töluðuð þér við, og trúið mér,  
að sá er ekki svikinn, sem það hlotnast,  
að ná í hana'.

*Róm.* : Ef hún er Kapúlett,  
Er höfuð mitt í fjanðmanns greipar sett.

*Berw.* : Svo förum nú, því gleðin er á enda.

*Róm.* : Hún er það víst, og sorgir heim mér benda.

*Kap.* : Nei, kærú gestir, farið ei svo fljótt ;  
eg fann upp á að búa litla máltíð. —

Nú, jæja — farið þá með þökk og heiðri,  
 já, þökkum beztu. Góða nótt, þér herrar!  
 Nú, gefið ljós! — (Til Kap. frænda) En göngum  
 við til rekkju;  
 eg finn að það er framorðið, jú, næsta,  
 og fer til minnar hvílu.

(Gestirnir fara.)

- Júl.*: Heyrðu, fóstra!  
 hver er hann þarna?
- Fóstr.*: Það er sonur Tífbers.
- Júl.*: En hver er sá, sem gengur út á eptir?
- Fóstr.*: Hinn ungi Petrúcius, að ég meina.
- Júl.*: En sá þar næstur, sem ei vildi dansa?
- Fóstr.*: Eg þekk' hann ei.
- Júl.*: Svo spyr þú, hvað hann heiti.  
 Og eigi hann konu, er sú gátan mín,  
 að einn mèt dauðinn veiti brúðarlín.
- Fóstr.*: Hans nafn er Rómeó, hann er sonur Móntags,  
 hins haturs fulla fjandmanns ykkar húss.
- Júl.*: Svo ris þá ást mín upp úr haturs nótt;  
 eg ofseint þekti, sá þó helzt til fljótt.  
 Til ósjálfráðrar ástar víst eg finn,  
 að elska þannig mesta óvin minn.
- Fóstr.*: Hvað, hvað var þetta?
- Júl.*: Það er lítil staka,  
 sem maður kendi mèt í leiknum áðan.
- (Kallað bak við: Júlfa.)
- Fóstr.*: Við komum! — Allir gestir eru gengnir.  
 (Þær fara.)



---

## II. Þáttur.

—+—+—

### I. atriði.

Svæði fyrir utan aldingarð Kapúletts.

(Rómeó kemur.)

*Róm.*: Er lengra fært, fyrst hjarta mitt er hér?  
Ó, haltu' þér kyrr, jörð, við þína sól!

(Klífrast inn yfir garðsvegginn.)

(Benvóló og Mercútió koma.)

*Benv.*: Heyr, Rómeó, heyr!

*Merc.*: Nei, hann er kænn og vís,  
og hefur stolizt heim til sinnar sængur.

*Benv.*: Eg sá hann hlaupa' og hendast yfir garðinn,  
þú hrópa mátt til hans í annað sinn.

*Merc.*: Og særa líka. Rómeó, ráðleysingi!  
Þú ástæbjáni! eldur! sút og funi,  
kom fram í ástarandvarps líki, kveddu  
mér eina hending, þá erum við sáttir;  
seg æ og vei, og ortu meyjja — deyjja,  
og veldu gömlu Venus smellið nafn,  
og veslings jóði hennar, Amor skyttu,  
sem hæfði kónginn, sem fékk flökkukind!—  
Hann heyrir ekki, sér ei, hreyfist ekki;  
fíflíð er sálað, eg má særa manninn.  
Eg særi þig við Rósalínar rósmunn,  
við hennar augnaljós og ennið bjarta,  
við ökla hennar, knè og þéttu mjaðmir,  
og öll þau ríki, sem þar undir liggja. —  
Kom fram í þinni sönnu mynd og sýn þig.

*Benv.*: En ef hann heyrir, hlýtur hann að reiðast.

*Merc.*: Nei, ekki hótíð; hinu mundi' hann reiðast,  
ef veki eg upp sending þá, er sæti  
á miðju töfrasviði meyjar hans,  
og læti standa þar, unz stúlkan gæti  
sært niður þúkann; slík raun væri storkun;  
minn galdrasöngur góður er og meinlaus;  
eg kveð hann að eins upp í meyjar nafni.

*Benv.*: Kom, finnum hann, hann felst í milli trjáanna,  
og fróar sèr við raka nætur húmið;  
hans ást er blind og á því vel við myrkrið.

*Merc.*: Sú ást, sem blind er, aldrei nær í mark sitt.  
Nú, sitji hann þá undir sinni eik  
og óski sèr að stúlka hans sè orðin  
að þeirri urt, sem meyjar klappa og kjamsa'  
að

í þeirra hóp. Og sofðu Rómeó rótt.  
Eg fer til rúms, því hèr er kalt að kúra.  
Og komum nú.

*Benv.*: Já, förum, ei skal leita  
að þeim, sem ekki vill sín leita láta.  
(Þeir fara.)

## 2. atriði.

Í aldingarði Kapúletts.

*Róm.*: Sá hlær að örum, sem ei þekkir sárin. —  
(Sèr Júlíu uppi yfir sèr í glugga.)

En, þeg! Hvað ljómar þar í gegn um  
gluggann?



Mun þarna austrið? er ei þetta sólin?  
Kom, dýra sól, og deyddu mána-flagðið,  
sem nábleikt fölnar upp af gremju-öfund,  
að þernan skuli fegri vera en frúin;  
ver eigi ambátt hinnar öfundsjúku,  
og legg af mánans skolbleikt skirleiksfat,  
það skartar engum nema fátáðlingum. —  
Ó, þarna' er elskan mín! mín hjartans  
heitmey;  
eg vildi' að hún gæti vitað, að hún er það.  
Hún talar þótt hún tali ekki. Hvernig?  
hún talar gegn um augun; eg skal svara.  
Eg er of ör; hún meiner víst ei mig.  
Tvær stjörnur, víst þær fegurstu sem finnast  
á himnum, hafa fengið frátof nokkra,  
og beðið hennar blástjörnur að skína  
á brautum þeirra, unz þær kæmi aptur.  
En ef nú augu hennar væri á himnum,  
en blástjörnurnar undir brúnum hennar,  
þá mundi ljómi lilju-vangans sigra  
eins stjörnur þær og sólin lítinn lampi,  
en augu hennar leiptra gegn um geiminn  
frá himni með svo hreinu geisla-flóði,  
að allir fuglar færu' að syngja dátt,  
og fyndist liðin dimm og þögul nátt. —  
Nú sé eg, hvar hún hallar kinn á hönd;  
ó, væri' eg hanzki handarinnar hvítu,  
þá snerti' eg vangann!

*Júl.*

Vei mèr!

*Róm.* (afsíðis),

Þeg, hún talar!

Ó, tala meira, ljúfi ljóssins engill!

þú ljómar eins í nótt frá þínum hæðum,

sem himinboði, sem á björtum vængjum ·  
sig birtir fyrir skelfdu auga pílgíms,  
sem hrökkur við og horfir á með undrun  
hinn fagra Seraf svífa gegnum skýin  
og sigla inn í bláan himinstrauminn!

*Júl.* (afstöðis): Ó, Rómeó, því ertu Rómeó?

Tak annan föður, nefn þig öðru nafni,  
eða', ef þú vilt það heldur, eigðu mig,  
og eg skal aldrei kallast Kapúlett.

*Róm.:* Á eg að svara eða hlusta lengur?

*Júl.:* Þitt nafn er óvin minn og ekkert annað,  
því sjálfur ertu þú, en enginn Montag,  
og Montag er þó hvorki hönd né fótur,  
né handleggur né svipur, enginn limur  
á líkam mannsins. Nefn þig eitthvað annað  
því hvað er nafnið? Það sem nefnt er rós,  
það ilmar eins, þótt öðru nafni kallist;  
eins Rómeó, þótt nefnist ei með nafni,  
er blessað afbragð allt eins fyrir nafnið.  
Æ, Rómeó, kasta nafni og í nafns stað,  
sem ekkert þýðir, þiggðu mig og eigðu!

*Róm.* (hátt; gengur nær): Svo stött þú nú við orð þín;  
endurskrif mig

með unnusta þíns nafni; svo er þá  
ei hjeðan af mitt heiti Rómeó!

*Júl.* (hátt): Seg, hver ert þú, sem hvarflar hér um  
nætur,

og rasar um mín launmál?

*Róm.:* Listin er,  
að segja hver eg er og nefna' ei nafn mitt.  
Eg hata, helga vera, eigið nafn mitt,



- því nafnið mitt það er þinn mesti óvin;  
 ef næði eg til þess, tætti' eg það til agna.
- Júl.*: Vart hundrað orð eg hefí enn þá drukkið  
 af vörum þér, og veit þó glögggt hver hjalar:  
 Er þar ei sjálfur sonur Montags, Rómeó?
- Róm.*: Nei engill, hvorugt, ef þér hvorugt líkar.
- Júl.*: Til hvers og hvernig komstu hingað yfir  
 svo háan garð og erviðan að klífa?  
 og hér er bani búinn þér og þínum,  
 ef einhver minna frænda fyndi þig hér.
- Róm.*: Eg leið á ástar laufvæng yfir garðinn,  
 því ástin stöðvast ei af steingirðingum,  
 og allt sem ástin vill, það vogar ástin,  
 og hræðist því ei hindran frænda þinna.
- Júl.*: Ef sæi þeir þig, mundu þeir þig myrða.
- Róm.*: Ó, meiri háski býr í þínum augum,  
 en tuttugu sverðum; horf þú til mín hýrt,  
 það brynjar mig gegn bræði allra þeirra.
- Júl.*: Eg vildi' ei fyrir veröld að þú sæist.
- Róm.*: Þeir sjá mig ei und nætur feldi falinn,  
 en sèrtu mín, þá mega þeir mig finna,  
 því stytta heldur hatur þeirra líf mitt,  
 en hjari það og vanti blíðu þína.
- Júl.*: Hver vísaði þér veginn hingað?
- Róm.*: Ást mín,  
 sem fékk mig fyrst á stað, að leita vegar,  
 hún lèði ráð, en augun lèði eg.  
 Eg er ei kænn á sjó, en sætir þú  
 á yztu strönd, er sollinn særinn laugar,  
 eg sigldi skjótt að kaupa slíkan kjörgrip.
- Júl.*: Þú veizt að nóttin byrgir mig með blæju,  
 því annars reifði roði mínar kinnar;

of margt þú hefur heyrt mig segja' í nótt.  
 Við sið og venju vildi' eg fegin dvelja,  
 og fegin taka töluð orð mín aptur ;  
 en burt með alla látalætis-uppgerð.  
 Þú elskar víst?—eg veit þú segir já,  
 og trúí þer, en tækir þú að sverja,  
 þá kynnir þú að bregðast ; ástar eiðrof  
 á himnum vekja hlátur. Hjartans vinur,  
 seg hreint og skýlaust, hvort þú elskir mig ;  
 en haldir þú, að eg sé of fjótt tekin,  
 þá verð eg þver og snúðug, sný mér frá þer,  
 en annars ei, þótt veröld væri' í boði.  
 Eg er of blíð, minn ástúðlegi Rómeó,  
 og mættir þú því halda' að eg sé hverflynd,  
 en hugsa það ei, eg mun reynast trúrri,  
 en þær sem lengur þurfa að láta dekstrast ;  
 eg átti' að vera þrárri, þetta játa' eg,  
 en þú varst fyrri' að hlusta' á ást míns hjarta,  
 en eg gat varazt ; erf ei þetta við mig,  
 nè efa það, að blíða sú sé staðföst,  
 sem koldimm nóttin kom nú upp um mig.

*Róm.* : Eg sver þer, mæ, við saklaust tunglið þarna,  
 er silfri slær á þessi aldintrè —

*Júl.* : Sver ei við tunglið, tunglið er svo hverfult,  
 á fjórum vikum vex þess rönd og hverfur,  
 og ást þín kynni eins að reynast brigðul.

*Róm.* : Við hvað skal sverja ?

*Júl.* : Sverðu ei við neitt,  
 jú, ef þú vilt: við ástúðleik þinn sjálfan,  
 sem er það skurðgoð, sem eg trúí' og treysti,  
 þá trúí eg.

*Róm.* : Ef ást míns innsta hjarta —

- Júl.*: Vel, sverðu ei; eg fagna þér svo fegin,  
 en fagna þó ei þessum nætur-fundi,  
 hann kom svo óvart, ört og hastarlega,  
 líkt elding, sem er horfin fyr en nokkur  
 nefnt getur elding. Góða nótt, minn ljúfi,  
 og verði okkar unga elsku-fræ  
 útsprungin rós, er sjá þig næst eg fæ;  
 sof vel, sof vel, og hressi hjartað þitt  
 eins heilög værd og ró sem brjóstið mitt!
- Róm.*: Og þú vilt fara frá mér óhugganda?
- Júl.*: Og hverja huggun get eg framar gefið?
- Róm.*: Þú getur selt mér trygðir móti mínum.
- Júl.*: Þú fékkst þær löngu áður en þú baðst mín,  
 en gjöf sú mætti gjarna hafa beðið.
- Róm.*: Nei, til hvers, ljúfa; til að rípta henni?
- Júl.*: Nú, svo eg gæti gefið hana aptur;  
 en allt um það, eg þarf ei slíks að æskja,  
 eg er eins gjöful eins og geimur hafsins,  
 og eins er ást mín djúp; því meir' eg gef  
 þér,  
 því meir' er eptir; hvorugt hefur takmörk.  
 (Fóstran kallar.)  
 Far heill!—hún kallar;—elsku ástvin minn,  
 eg ætla' að reiða mig á trúleik þinn.  
 Bíð litla stund, eg ætla að koma aptur  
 (Fer.)
- Róm.*: Æ blessuð, blessuð nótt! en eg er hræddur,  
 fyrst það er nótt, að þetta allt sé draumur,  
 of sæll til þess, að sannur geti verið.  
 (Júlía kemur í gluggann aptur.)
- Júl.*: Þeg, Rómeó, þrjú orð! svo kveð eg alveg:  
 sé ást þín til mín einlægleg og hrein,

og augnamið þitt brúðkaup, skaltu senda  
mér orð á morgun með þeim, sem eg fæ til,  
um hvar og hve nær vígslan skuli verða ;  
og öll mæn kjör eg fel þér svo að fullu,  
og fylgist með þér veröldina á enda.

(Fóstran kallar.)

Eg kem !—En sé þitt áform öðruvísi,  
þá ætla eg að biðja þig.—(Fóstran kallar.) Nú  
kem eg !—

að láta af þessu' og lofa mér að gráta.  
Eg sendi' á morgun.

*Róm.* : Sálfín deyi fyr —

*Júl.* : Nú, góðar nætur, þúsund-þúsund sinnum.  
(Fer.)

*Róm.* : Ó, þúsund sinnum þyngri verða þær,  
ef þú, mín hjarta heitmey, unír fjær. —  
Sem barns í soll, er braut til vina greið ;  
sem barns úr solli spor frá vinum leið.

(Þokar sér frá.)

*Júl.* (kemur aptur) : Þeg, Rómeó ! Nú vild' eg rödd  
mín væri,

sem veiðimanns, sem laðar til sín hauk sinn ;  
en ófrelsið ei heyrir fyrir hæsi,  
því annars skyld' eg vekja alla álfa  
og gjöra bergmál bjarga og dvergasteina  
hásara en mig með ítrekunar ópi  
hins kæra nafns, sem nefnist Rómeó !

*Róm.* : Það er mín sál, sem nefnir mig með nafni,  
hve silfurskær er ómur ástarinnar  
á náttarþeli ; eins og inndælt söngspil  
í eyrum þess er hlustar !

*Júl.* : Rómeó !



*Róm.*: Já, elska!

*Júl.*: Nær á morgun má eg senda?

*Róm.*: Um dagmál.

*Júl.*: Það skal vera; þangað til er' tuttugu' ár; en til hvers var það nú eg kallaði' á þig til að koma aptur?

*Róm.*: Svo vil eg þreyja þangað til, þú manst það.

*Júl.*: Eg man það aldrei, svo þú allt af bíðir, eg man það eitt, að eg vil vera hjá þér.

*Róm.*: Og eg skal una, svo þú aldrei munir, og muna' ei annað, en eg sè hér heima.

*Júl.*: Nú birtir ótt; eg óska nú þú farir, en eigi lengra' en yngismeyjar haur, sem hoppar fyrst af hendi lítinn spöl, en óðar kippir í hann aptur bandið. þann auma fanga, því hún tímur ekki, þótt þyki illt og sárt, að sjá hann frjálсан.

*Róm.*: Ó, væri eg haur þinn!

*Júl.*: Æ, vinur, já; en ástarhót mín yrðu víst þinn bani. Far heill; að kveðja sárt er bæði' og sætt, ei sólin fær svo ljúfa nóttu bætt.

(Fer)

*Róm.*: Í brjóst þér ró, á augu svefninn sæti! í svefn þinn skyld' eg breyta mér, ef gæti. Nú býst eg helgan föður Lárenz finna og fá hans hjálp og gleði-lán mitt inna.

(Fer.)



## 3. atriði.

Klefi Lárenz.

(Bróðir Lárenz kemur með körfu í hendi.)

*Lár.*: Nú opnar Dagur bjarta brá og hlær  
að byrstri Nótt, og austrið gulli slær,  
en dimman ringluð dregur sig í skjól  
frá Dellings braut, og forðast ljóssins hjól.  
En fyr en nálgast brennheit sólar-brá  
og blómstra morguntárin þerra má,  
skal karfan fyllt með ýmsum blómum blíðum  
með banvænt eðli' og heilsukrapti fríðum.  
Vor jörð er allra móðir, allra gröf,  
og allra líf og feigð er hennar gjöf,  
hún lykur faðmi ótal börnin blíð,  
sem brjóstið hennar nærir alla tíð;  
þau börn að eðli eru gæðarík  
og öll til nokkurs góðs, og þó ei lík.  
Ó, máttug er sú mikla náð, sem býr  
í móður þeirri og fyllir stein, grös, dýr!  
því ekkert finnst svo aamt, sem jörðin ber,  
sem enga nytsemd jörðu vorri lèr,  
og ekkert finst svo gott að ekki megi  
að illu verða, sett af réttum vegi;  
í lesti breytast kunna kostir flestir,  
í kosti líka breytast verstu lestir.  
Sjá, undir þunnum börk á þessu blómi,  
er blandað saman eitri' og heilsudómi,  
við angan blómsins örvast lífsfjör allt,  
en ef það smakkast, verður blóðið kalt.  
Í jurt sem manni má því sjá og skilja  
tvo máttka fjendur: náð og spilltan vilja,



og fáí' hinn verri of mjög yfirráð.  
er urtin sérhver kjörin dauðans bráð.

(Rómeó kemur.)

*Róm.*: Sæll, helgi faðir!

*Lár.*: Herran blessi þig!  
en hver er nú svo árla að finna mig?  
Það vottar, ungi maður, óstillt geð,  
svo árla dags að hafa kvatt sinn beð;  
í gömlum hjörtum hugarsýkin býr,  
og hvar hún tefur svefn af augum flýr,  
en þar sem æskan lætt og kát í lund  
sig leggur út af, fær hún sætan blund;  
því segir mér þín bráða fótaferð  
þér fylgi einhver vanstillt sundurgerð;  
en sé það ei, þá sé eg annað skjótt,  
að sofnað hefur Rómeó ei í nótt.

*Róm.*: Nei; sælli þó, en svæfi eg á dýnu.

*Lár.*: Minn sæli guð! — Þú varst hjá Rósalínu?


*Róm.*: Hjá Rósalínu? Nei, ó faðir, nei!  
það nafn er gleymt og líka allt þess vei.

*Lár.*: Nú vel, minn son, en varstu hvergi þá?

*Róm.*: Eg vil nú hiklaust öllu skýra frá:  
í veizlu fjandmanns vors í gær eg gekk  
og grunlaus stóð, en í því skot eg fèkk,  
eg skaut í mót; við beggja sollin sár  
eg sæki til þín lyf, að batni fár;  
eg ber ei hatur, helgi faðir, sjá,  
því heilsu mínum óvin vil eg fá.

*Lár.*: Seg ljósar, vinur, tala þú ei tál,  
er tvíráð fá að launum skriptamál.

*Róm.*: Svo vit þá, öll mín ást er gróðursett  
hjá einkadóttur voldugs Kapúlett,



svo eg er hennar eins og hún er mín,  
og ekkert vantar, nema leita þín  
og vígslu fá; en hvernig, hvar og nær  
eg hana fann og tryggð mèt seldi mæt,  
eg greini síðar. Efl nú okkar hag,  
og okkar hjúskap láttu byrja' í dag.

*Lár.:* Ó, Fransiskus! Ó, hverflynt hugarfar!  
er hún nú gleymd, sem áðan kær þer var,  
hún Rósálfa? Eldar ástarvarminn  
nú augu sveina', og hitar ekki barminn?  
Ó, himnadrottning! — Hafðirðu ekki þínu  
og hugarsturlun vegna Rósálfa?  
og til hvers átti sútar-sjór þinn nú  
að salta ást, sem burtu kastar þú?  
Sjá, enn á þínum hvarmi finn eg far  
af fölvu tári, sem þar áðan var;  
því nær sem þú varst þú og þínan þína,  
var þínu þeirrar orsök Rósálfa.  
Og þú ert breyttur! — mátt því segja senn:  
ei synd er kvenna fall, ef hrasa menn.

*Róm.:* Þú reiddist minni ást á Rósálfa.

*Lár.:* Eg reiddist að eins þinni sorgarþínu.

*Róm.:* Þú baðst mig opt þá ást að reka frá mèt.

*Lár.:* En ei til þess, að vekja nýja hjá þer.

*Róm.:* Ámæl mèt ei, því ástmey þessi geldur  
mèt ást mót ást, og jafn er hennar eldur,  
en hinnar ei.

*Lár.:* Hún var í engum vafa  
þú værir barn og kynnir vart að stafa  
í ástarbók. — En fylg mèt, fuglinn minn,  
eg finn þó rétt að styðja viljann þinn;



við ykkar band sú blessan mætti nást,  
að breyttist ykkar feðra heipt í ást.

*Róm.:* Svo tefjum ei, því eirð mig vantar alla.

*Lár.:* Allt sé með hófi; bráðir menn opt falla.  
(Þeir fara.)



#### 4. atriði.

Borgarstræti.

(Benvólió og Mercútió koma.)

*Merc.:* Hver skollinn er orðinn af Rómeó? Hefur hann ekki komið heim í nótt?

*Benv.:* Nei, ekki heim til föður síns; jeg talaði við sveininn hans.

*Merc.:* Nú, það er þessi hvíta og steinharða Rósálína, sem kvelur hann, svo hann missir vitið.

*Benv.:* Tífbalt, frændi gamla Kapúletts, hefur, trúi jeg, sent heim til hans með bréf.

*Merc.:* Hólmgöngustefna, eins og jeg er lifandi!

*Benv.:* Þá lætur Rómeó ekki vanta svarið.

*Merc.:* Hver maður skrifandi ætti að geta svarað bréfi.

*Benv.:* Nei, jeg meinti að hann mundi sýna þeim, sem sendi bréfið, dáð móti dirfsku.

*Merc.:* Aumingja Rómeó, hann er sálaður þegar minnst varir, sundraður svörtu auga hvítrar kvennsniptar, skotinn gegn um hlustina af mansöngsvísu, hinn í hjartans miðjan markdepil af hins blindra bogsveigis oddlausu ör. Og hann á að vera maki Tíbalts!

*Benv.:* Og hvað er að því? hver er þá þessi Tífbalt?

*Merc.:* Hann er meiri en kattakóngur, skal jeg segja þér; hann er hvers kyns hæversku hugprúðasti hertogi; hann skylmast eptir söngstiga með takti, stuðlum og tónbreytingum; kann mæta vel sín *tempo*: einn, tveir—og þriðja í hjartastað!; hann hittir og höggur hvern silkiknapp; einvígisgarpur hinn mesti; riddari fyrstu raðar, sem kennir fyrstu reglu og síðan næstu reglu í einvígum, þetta óumræðilega *passado, punto reverse*—lítt'á!


*Benv.:* Sér er hver —

*Merc.:* Fáir þeir kaun og kláða, allir þessir uppstroknu, regingslegu spjátrunga-gorthalar, þessar þvættings teprutungur. *Virgo Maria!* dýrðlegur dragvendill! dýrðlegur dólgur! dýrðleg dækja! Hörmung er það, kunningi, að láta slíkar flugur fljúga í munn okkur, slíka tízku-tollara, slíka *pardonnez-moi*, sem tylla ekki niður tánum, og tízkan gjörir að bjánum.

(Rómeó kemur.)

*Benv.:* Þar kemur Rómeó! þar kemur Rómeó!

*Merc.:* En vesall og grár, sem vindþur síld. Æ, blessað holdið breytt í fisk. Nú græti hann notað vísurnar, sem hann Petrarca kunnir að raula. En Lára hans yrði ekki betri en eldabuska hjá gullinu hans; enda unni hún þeim, sem betur kunnir að lofa hana. — Dídó yrði dækja, Kleópatra tartaratelpa; Helena og Heró að hornrekum og hlaupaskottum; Thispa hétu hýreyg eða svo, en allt yrði svipur hjá sjón. — Signor Rómeó, *bon jour!* sting þessari



frönsku heilsan í frönsku víðskálmarnar þínar. Þú lækst á okkur í gærkveldi.

*Róm.:* Góðan morgun, ykkur báðum! Hvað lék jeg á ykkur?

*Merc.:* Skollaleik, herra minn, skollaleik; skilur þú nú?

*Róm.:* Afsaka mig, Mercutíó; jeg hafði mikið fyrir stafni, og þegar svo stendur á, þá dregur maður úr kurteisinni.

*Merc.:* Þegar svo stendur á, viltu segja, kiknar maður í knjánnum við kurteisina.

*Róm.:* Já, þegar menn hneigja sig.

*Merc.:* Þú hittir það vel.

*Róm.:* Hæversklega er talað.

*Merc.:* Jeg er sannkallað blóm hæverskunnar.

*Róm.:* Hrósverð rós.

*Merc.:* Það er rétt talað.

*Róm.:* Eins og smárósinn á dans-skóm mínum.

*Merc.:* Hafðu sæll sagt, og haltu áfram þessu gamni, þangað til þú ert búinn að slíta dans-skónum. Segðu mér: — er nú ekki þetta glaðlyndi mun betra, en að andvarpa ástarsjúkur? Nú ert þú viðkunnanlegur, nú ert þú Rómeó, nú ert þú eins og þú ert, bæði frá hendi náttúrunnar og listarinnar; því þessi voluvella, ástin, er lík höfuðstórum álfi, sem iðar upp og ofan með blaktandi tunguna, og skimar eptir skoti til að fela í sitt skringilega skrípi.

*Benv.:* Viltu nú loka!

*Merc.:* Á jeg að loka fyrir, og lofa ekki ræðu minni að renna?

*Benv.:* Fyr er fullt en. út úr flói.

*Merc.*: Þú veður reyk; hún hefði flóað niður, því jeg var nær því kominn í botninn, og var að eyða því, sem eptir var í horninu.

*Róm.*: Þar kemur göfugur gestur!

(Fóstran kemur og Pétur á eptir með stóra sólhlíf.)

*Merc.*: Skip með seglum, skip með seglum!

*Benv.*: Nei, tvö, pils og peysa:

*Fóstr.*: Pétur!

*Pétur.*: Jeg kem.

*Fóstr.*: Sóhlífina, Pétur!

*Merc.*: Já, flýttu þér nú, Pétur minn, láttu sólhlífina fyrir andlitið á henni, því af tvennu illu er sólhlífin fríðari.

*Fóstr.*: Góðan daginn, dándissveinar!

*Merc.*: Góðar nætur, dándiskona.

*Fóstr.*: Finnst yður vera nótt?

*Merc.*: Einmitt það, heillin góð, því ljettúðarhönd sólkringlunnar heldur nú um hádegisprjóninn.

*Fóstr.*: Svei attan! — Hvers stands eruð þér?

*Róm.*: Hann er skapaður sér sjálfum til fordjörfunar, madama góð.

*Fóstr.*: Svei mér er það fallega sagt; sér sjálfum til fordjörfunar, seg'r 'ann. — En getur nokkur ykkar dándissveina sagt mér, hvar jeg geti fundið hinn unga Rómeó?

*Róm.*: Það get jeg, en ungi Rómeó verður orðinn eldri þegar þér finnið hann en hann var þegar þér leituðuð hans; jeg er sá yngsti með því nafni, af því annan verri vantar.

*Fóstr.*: Vel er talað.



*Merc.*: Nú, er verra vel? Skýr er hún, mikið skýr, mikið skýr.

*Fóstr.*: Sæuð þér Rómeó, herra, þá vildi jeg fá að tala við yður nokkur orð einslega.

*Benv.*: Hún býður honum víst heim í kvöldverð á vissum stað.

*Merc.*: Mella, mella! — Viltu koma heim til föður þíns, Rómeó? Við borðum þar í dag?

*Róm.*: Jeg kem síðar.

*Merc.*: Verið heilar, maddama góð! maddama góð!

(*Mercútíó og Benvólíó fara.*)

*Fóstr.*: Heilir, — fyrir mér! — Segið mér, herra góður, hvaða hákur var þetta, sem var svo fullur af óþverra?

*Róm.*: Það er unglíngur, sem þykir gaman að heyra sig tala, og talar meira á mínútu, en hann getur staðið við í mánuð.

*Fóstr.*: Segi hann nokkuð um mig, þá skal jeg sýna honum sanninn; og það þó hann væri digrari en hann er, og tuttugu öðrum eins glönnum í viðbót; og geti jeg það ekki, þá finn jeg þá sem færir eru. Ólukku hákurinn! jeg er engin af gleðrunum hans; jeg er engin af hans spjátrungum. — Og þú, Pétur, þú stendur hjá og lætur hvern dónsann vaða upp á mig, eins og hann lystir!

*Pét.*: Jeg sá engan vaða upp á þig, eins og hann lysti; hefði jeg séð það, þá hefði kutinn minn komið fram; jeg þori á við hvern annan að bregða, fái jeg færi á fallegri rimmu, og lög og réttur sé mín megin.

*Fóstr.*: Það veit Drottinn, að jeg er utan við mig,

svo jeg skelf út í hvern minn legg og lið. Ótætis hákurinn! — En heyrið þér mig fáein orð: og eins og jeg sagði yður, þá bað ungfrúin mín mig að leita yður uppi; þaðsem hún bað mig að segja, því ætla jeg sjálf að halda. En það ætla jeg að segja yður fyrst, að ef þér skylduð ginna hana eins og göntu, sem menn segja, þá væri það ljótt uppátæki af yður, sem menn segja; því stúlkan er ung, og skylduð þér þess vegna vilja hafa flátt í frammi við hana, þá væri það ljótt af yður, að bjóða slíkt einni dándismey; já, réttur dónaskapur.

*Róm.*: Góða fóstura, heilsaðu ungfrúnni; jeg sver þér það —

*Fóstr.*: Og blessaður maðurinn! Já, jeg skal segja henni það allt saman; drottinn minn! hvað manneskjan verður fegin!

*Róm.*: Hvað ætlarðu að segja henni, fóstura? þú tekur ekki eptir.

*Fóstr.*: Jeg ætla að segja henni að þér sverjið — og er það, eptir minni meiningu, full-riddaralegt tilboð.

*Róm.*: Bið hana innan kvölds að fá sér færi, og koma út í klefa Lárenz munks, og eptir skriptir skulum við þar giptast. En þiggðu þetta.

(Fær henni peninga.)

*Fóstr.*: Þetta! Ekki skilding.

*Róm.*: Þú mátt til.

*Fóstr.*: Innan kvölds, herra — jú, hún skal vera þar komin.

*Róm.*: En bið þú, fóstura, bak við klausturmúrinn,





því innan stundar kemur þjónn minn þangað með festi saman snúna líkt og stiga, sem á að lypta mèr að efsta tindi míns yndis, þegar nóttin dimm er komin. Far heil, ver trú, þitt ómak eg mun launa; far heil, og mundu' að heilsa þinni húsfú!

*Fóstr.:* Bless' yður Guð á himnum! Heyrið þér mig!

*Róm.:* Já, fóstra góð, er fleira enn að segja?

*Fóstr.:* Er þjónninn trúr? Þér hafið heyrt menn segja, að harla fáir kunni' um launmál þegja.

*Róm.:* Já, hann er trúr og stilltur eins og stálið.

*Fóstr.:* Það er gott. Ungfrúin mín er sú inn-dælasta stúlka. Drottinn minn! Þegar hún var of-urllítill lóa. — Og hær í bænum er aðalsmaður, sem heitir París, sem lízt heldur en ekki vel á hana; en hún, blessuð veri hún, sæi heldur frosk, já, það er víst um það, frosk, en hún sér hann. Stundum stríði jeg henni með því jeg segi, að París sè einn sá fríðasti maður, en þá segi jeg yður satt, að hún verður eins fól og nokkur svitadula. Byrjar ekki rós og Rómeó á sama staf?

*Róm.:* Jú, fóstra, hvorttveggja byrjar á erri. Því spyrðu?

*Fóstr.:* Nú gerir hann að gamni sínu! *Rr*—það er hundsnafn; það er líkt og hundur urri. Nei, jeg veit, að það er annar stafur; og hún kann þær allra fallegustu þulur um rós og Rómeó, svo yður fyndist mikið um, ef þér heyrðuð það.

*Róm.:* Heilsa frá mèr húsmóður þinni.

*Fóstr.:* Já, það skal vera, þúsund sinnum. — Pét-ur!

*Pét.* : Jeg kem.

*Fóstr.* : Pétur, taktu sóhlífina og gakktu fyrir.  
(Þau fara.)



## 5. atriði.

Aldingarður hjá Kapúlett.

(Júlía kemur.)

*Júl.* : 'Um dagmál sendi' eg fóstru mína frá mér,  
og eptir hálfan tíma kvaðst hún koma.  
En kannske finnist hann ei; finnist? jú, jú;  
Æ, hún er hölt; vor hugur er það eina,  
sem hafandi' er, ef ástin þarf að senda,  
þar hann er tífalt hraðfættari en sólin,  
sem eltir skugga gegnum holt og hæðir;  
því draga líka dúfur vagn hjá Venus,  
og af því hefur vindsnar Amor vængi.  
Nú hefur sólin náð að hæstri hæð  
á dagleið sinni' í dag og nú er liðið  
heilt dagsmark, en þó er hún ekki komin.  
Æ, þekkti' hún ást og brennheitt æskublóð,  
þá vær' hún mjúk og fleyg sem fjaðrasoppur,  
og feykti orðum mínum til míns kæra,  
og hans til mín; en hruma, gamla fólkið,  
það vafrar fram sem feigðar-leiðslu í,  
eins fölt og dasað, kalt og þungt sem blý.

(Fóstran og Pétur koma.)

Hún kemur! Guð sé lof! Æ, góða fóstra,

hvað er að fréttu? fannst' hann ekki? Láttu nú svein þinn fara.

*Fóstr.:* Farðu, Pétur út.  
(Pétur fer.)

*Júl.:* Nú, elsku-fóstra!— Ertu nokkuð sorgmædd? Æ, vertu kát, þó sagan verði sorgleg, en sé hún glaðleg, mátt' ei gretta svip þinn, svo gleðiþóðskapurinn ekki skemmist.

*Fóstr.:* Jeg er svo lerkuð, lof mér ögn að blása; æ, harðsperran! Þau hlaup, þau hlaup, sem jeg fékk!

*Júl.:* Tak mína fætur, fá mér þína sögu!  
æ, seg mér, seg mér, góða, góða fóstra!

*Fóstr.:* Hver ósköp ganga' á? geturðu' ekki beðið eitt augnablik? Þú sérð eg næ ekki' anda.

*Júl.:* Á, nærð' ekki anda fyrst þú anda hefur að nöldra um þú náir ekki anda?  
Sú afsökun um drátt þinn dvelur meira, en þóttú segðir það, sem ert' að draga. Er sagan góð eða' ekki? anza þessu, seg annaðhvort, því hitt má heldur bíða; æ, leið mig af, hvort ljúft er eða misjafnt.

*Fóstr.:* Nú jæja, þú velur þér enga góða giptingu, og ekki kanntu mann að kjósa. Hann Rómeó; ja — nei-nei. Því þótt færri séu fríðari í andliti, en hann er, þá taka kálfarnir á honum fram annara kálfum, og hvað snertir hönd og fót og vaxtarlag, þá er ekki um það tala, en það er makalaust. Kurteisinn sjálf er hann ekki, en víst er hann lítilátur eins og lamb, það er gullsatt.—Gakktu lagða leið telpa mín, og vertu guði hlýðin. En hafð þið borðað heima í dag?

*Júl.*: Nei, nei!—En þetta þekkt' eg allt vel áður.  
En vígslan? Anza, seg mér, hvað hann  
sagði.

*Fóstr.*: Ó, höfuðpínan! Herra minn! mér finnst  
það ætli' að molast nið'ri tuttugu mola.  
Og þá er bakið! Ó, það bak, það bak!  
Guð náði þig, að senda mig sí svona,  
og dingla nærri dauðri upp og ofan!

*Júl.*: Mér þykir verst, að þér er svona illt!  
æ, góða, góða fóstra! hvað sagð' elskan?

*Fóstr.*: Elskan segir eins og beztu drengur og  
hæverskur og ljúfur og laglegur piltur segir; já,  
eins og valmenni, það segi jeg satt. Hvar er móð-  
ir þín?

*Júl.*: Hvar móðir mín sè—hvar heldurð' hún sè?  
nú, hún er inni.—En hvað þú spyr snubbótt:  
„þín elska segir, eins og beztu drengur, —  
hvar er þín móðir?“

*Fóstr.*: Milda himnadrottning!

Nú, þú ert aldrei heit; nú er jeg hissa;  
og þetta á jeg að bera' á bakið á mér?  
svo rektu sjálf þín erindi' upp frá þessu!

*Júl.*: Nú, hvaða læti? Seg nú hvað hann sagði.

*Fóstr.*: Seg, fékkstu leyfi að fara' í dag til skripta?

*Júl.*: Já.

*Fóstr.*: Flýtt þér þá að finna munkinn Lárenz.  
því bóndaefnið bíður þín við klefann —  
þar ólmast blóðið út í hennar kinnar,  
sem verða rauðar við þá minnstu nýjung;—  
til kirkju beint, en eg fer aðra leið,  
að sækja stiga, sem hann góða þinn  
skal draga upp í hreiðrið þegar húmar;



til yndis þér eg allt af þrælka má,  
 en innan stundar muntu byrði fá.  
 Eg fæ mèt mat, en far þú klefans til.

*Júl.* : Já, fóstura sæl! nú brosir lán í vil.

(Þær fara.)



## 6. atriði.

Klefi Lárenzar.

(Lárenz og Rómeó koma.)

*Lár.* : Svo blessi Herrann heilagt samband ykkar,  
 svo harmar engir náí framar til vor.

*Róm.* : Já, Amen; komi þó hvað koma hlýtur,  
 því kvalir engar geta jafnast við  
 eitt augnablik við hennar yndis-ásýnd.  
 Svo legg þá hönd í hönd með helgri bæn  
 og hamist svo hinn ástum grimmi dauði,  
 því mèt er nóg, ef hún má heita mín.

*Lár.* : Slík ofsagleði steypist opt með ofsa  
 frá efstu tröppu; kyssi blossi þúður,  
 er kossinn beggja bani; ljúffengt hunang  
 finnst mörgum væmið sökum eintóms sæt-  
 leiks,

og sykrar ei, en skemmir fæðubragðið.  
 Ef þú villt unna lengi, unn með hófi;  
 þeir fara of seint, sem fara' of hart, því jafnt  
 opt finnst slíkir komnir báðir samt.

(Júlia kemur.)

Þar kemur mærin. Léttu, lipru fætur,  
 þið lýið síðla óslftandi grjótið!

Þið elskendurnir hlaupið ormavefinn,  
sem iðar til og frá í sólskinsmollu,  
og dettið ekki; svo er léttúð lætt.

*Júl.* : Gott kvöld, minn kæri faðir!


*Lár.* : Rómeó  
skal fyrir báða kveðju þína þakka.

*Róm.* : Sè, Júlía, þín sæla jafnstór minni,  
og sèrtu betur fær að lýsa henni,  
þá krydda þú í kring oss himinloptið  
og kunngjör nú með engilrómi þínum  
þann sælu-draum, sem dillar okkur báðum,  
þá dýrðarstund, sem brosir nú svo fögur.

*Júl.* : Vor tilfinning er rík, en ei af orðgnótt,  
og ber sitt hrós hið innra, ei hið ytra,  
einn aumingi má aura sína telja,  
en ástin, hún er miklu djúpaudgari,  
en geti helming sinna aura sagt.

*Lár.* : Svo komið, komið; gjörum út um allt,  
og hirðið ei að hjala saman neitt,  
fyr heilög kirkjan gjörir bæði eitt.

(Þau fara.)



### III. Þáttur.



#### I. Atriði.

##### Borgarstræti.

(Mercúttó, Benvóltó, sveinn og þjónar koma.)

*Benv.* : Nei, snúum aptur ; komum, kæri vinur, því nú er heitt, og Kapúlettar koma, og ef vèr hittumst, verða vígafærlí ; á heitum dögum hitnar fyrri blóðið.

*Merc.* : Þú ert einn af þeim seggjum, sem óðara fleygja sverðinu á borðið, þegar þeir koma inn í drykkjustofudyr, og segja : Guð gefi að jeg þyrfti nú ekki á þér að halda ; en óðara en næsta hornið er tekið að hrífa, berja þeir því á byrlaranum, þótt enginn nefni, að neitt sé í efni.

*Benv.* : Og er jeg líkur slíkum segg ?

*Merc.* : Og það er enginn þvílíkur funi til á allri Ítallu ; þú ert jafnfljótur til að æsast til æðis og að æða, þegar þú æsist.

*Benv.* : Haltu áfram.

*Merc.* : Ef við ættum tvo aðra slíka, ættum við bráðum engan, því þeir dræpu hvor annan. Nú, þú þýtur í mann, ef hann hefur eitt hár í skeggi fleira eða færra en þú hefur. Þú rýkur í mann, sem er að brjóta hnetur, fyrir þá einu sök, að þú hefur hnotuleit augu. Hvaða auga gæti fengið sér eins lítið til, nema annað eins auga ? Þinn haus er eins útsteyttur af þrasi og þráttan, eins og egg af átu, og þó hefur þinn skallí verið mulinn, svo hann varð

eins meyr og eggjamatur, fyrir rifrildi. Þú háðir einu sinni hólmgöngu við mann fyrir þá sök, að hann hóstaði á strætinu svo hátt, að hundurinn þinn hrökk upp, þar sem hann svaf í sólskininu. Óðst' ekki upp á skraddara fyrir það, að hann gekk í nýja bolnum sínum fyrir páska? Og barðir þú ekki á öðrum fyrir það, að hann batt á sig nýja skó með fornum þvengjum? Og þó býðst þú til að halda mér í skefjum.

*Benv.:* Nei, væri jeg annar eins óeirðarseggur og þú ert, þá mundi enginn áræða að bjóða veð fyrir líf mitt hálfan annan klukkutíma.

(Tífbalt og fleiri koma.)

Við höfuð mitt! þar koma Kapúlettar.

*Merc.:* Við hæla mína! stendur mér á sama.

*Tib.* (við förunauta sína): Eg þarf að finna þessa; fylgið mér. — Gott kvöld þér, herrar, eitt orð við einhvern yðar.

*Merc.:* Eitt orð við einhvern okkar? Það er ekki nóg, segðu heldur eitt orð og eitt högg.

*Tib.:* Ekki skal það vanta, ef þið gefið mér efni til.

*Merc.:* Getið þið ekki náð í efni, nema ykkur sé gefið það?

*Tib.:* Þú ert víst samróma við Rómeó?

*Merc.:* Samróma! Ætlar þú að gjöra okkur að fiðlurum? gjörir þú okkur það, skulum við verða þér hjáróma. Hér sérðu fiðlubogann minn; hann skal kenna þér dansinn. Farðu bannsettur; hjáróma, þó, þó.

*Benv.:* Við þráttum hér í áheyrn allra manna, því gjörum annaðhvort, að ganga' í launkrök,





eða' ella hjölum hljótt um deilumál vor,  
og skiljum svo, því allir á oss glápa.

*Merc.:* Nú, augun hefur hver að horfa með þeim,  
og horfi sá sem vill, því eg fer ekki  
eitt fet á hæli, hver sem á mig skorar.

(Rómeó kemur.)

*Tib.:* Nú, frið við þig, því karlinn minn er kominn.

*Merc.:* Ef hann er þinn karl, máttu hengja mig,  
og gakk nú fram og finndu hann og spyrðu,  
hvort vilji' hann gefast upp og gjörast þinn!

*Tib.:* Mitt hatur, Rómeó, bannar mér að bjóða  
þér betra nafn en þetta: níðings-þrællinn!

*Róm.:* En hvöt mín, Tibalt, til að elska þig,  
hún eyðir þeirri heipt, sem ella sprytti  
við ávarp þitt—eg á ei níðingsnafn;  
en vertu sæll, eg veit þú þekkir mig ei.

*Tib.:* Nei, kögursveinn! eg þigg ei þessar bætur  
í glæpa þinna gjöld; nei, komdu, dragðu!

*Róm.:* Eg sver þér dýrt, eg áreitti þig aldrei,  
en ann þér heitar en þig getur grunað,  
unz heyrir þú hvað minni velvild veldur;  
svo ver nú spakur, kæri Kapúlett,  
ei kærri er mér sjálfs míns nafn, en þitt er.

*Merc.:* Þú, spaka, rýrðar-arga undirgefni!—  
að hrinda slíku þarf vort sverð að svara.  
Kom móts við mig, þú mús-drepandi Tibalt!

(Bregður.)

*Tib.:* Hvað viltu mér þá, maður?

*Merc.:* Og ekki neitt, kattakóngur sæll, nema  
að ná einu af níu lífunum þínum; það skal jeg  
hrifsa frá þér, en hin átta ætla jeg að lúberja, þeg-  
ar þú næst verður í flasinu á mér. Viltu nú draga

kutann þinn á eyrunum út úr hýðinu; ella skal minn koma fyrri við þín eyru.

*Tíb.*: Jeg skal þig finna. (Bregður sverði.)

*Róm.*: Nei, Mercútló, sting þú sverði' í slíður!

*Merc.* (til Tíb.): Nú, herra, sýn mér hversu þú ert vígur.

(Þeir berjast.)

*Róm.*: Benvólló, dragðu! skiljum þá sem skjótast.  
Þið, herrar, blygðist! hættið slíku æði!  
því furstinn hefur lagt við berlegt bann,  
ef barizt væri' á strætum úti; hættið!  
Ó, hættið! Tíbalt! Hvað nú, Mercútló!

(Tíbalt og hans menn fara.)

*Merc.*: Mèr blæðir; þrífist hvorugt ykkar hyski!  
Eg þarf ei fleiri. — Fór hann burt með  
ekkert?

*Róm.*: Seg, ertu sár?

*Merc.*: Já, það er skeina, skeina þó mér nægir.


Hvar er minn sveinn? far, drengur, leita  
læknis.

(Sveinninn fer.)

*Róm.*: Hresstu þig, vinur; sárið getur ekki verið mikið.

*Merc.*: Nei, það er ekki eins djúpt og brunnur, nè eins breitt og kirkjudyr, en það nægir, svo jeg þarf ekki meira. Á morgun held jeg grafkyrru fyrir. Þrífist aldrei ykkar hyski! Mikil hörmung var það, að mús, valska, köttur skyldi rífa mann í hel; raupari, þorpari, þrælbein, sem skylmast eptir reikningskveri! En hver fjandinn bað þig að troðast milli okkar? jeg var særður undir hændinni á þér.

- Róm.*: Jeg ætlaði að stilla vandræðin.
- Merc.*: Hjálpa mér til einhvers húss, Benvólló.  
 Mig svimar; — þrífist aldrei ykkar ættir!  
 Þær hafa mig að maðkafæðu gjört.  
 Nú hef eg meir' en nóg. — Ó, illu ættir!  
 (Mercúttó og Benvólló fara.)
- Róm.*: Sá ungi 'öðling, frændi borgarfurstans  
 og ástvin minn, er banasári særður,  
 til varnar mér, og virðing mín er flekkuð  
 af Tíbalts hrópi—Tíbalts, þess sem gjörðist  
 minn frændi áðan fyrir tæpri stundu.—  
 Ó, Júlía, þín blíða bleyðir hug minn,  
 og bræðir niður hreysti minnar stál.  
 (Benvólló kemur.)
- Benv.*: Mercúttó er látinn! Rómeó! Rómeó!  
 hin hrausta sál hans svífur yfir skýin;  
 hún undi hér ei, fór því fyrir tímann.
- Róm.*: Hinn auðnulausi dagurinn í dag  
 mun draga með sér þyngri sorgarhag.
- Benv.*: Þar kemur Tíbalt trylltur aptur; sjáðu.  
 (Tíbalt kemur.)
- Róm.*: Hann lifir! drambar! drepur Mercúttó!  
 til himins fari hlífð og þolinmæði,  
 en komi bræðin fram með eld í auga! —  
 Þú, Tíbalt, renn þú „níðings-þrælnum“ niður,  
 er nefndir þú mig, Mercúttós sál  
 er eigi liðin hátt í loptið enn þá,  
 og biður þína sál að halda hóp,  
 og fylgjum honum, annar eða báðir!
- Tíb.*: Þú, vesalt gaudið, varst með honum hér,  
 og vert' og þar —
- Róm.*: Nú, sjáum þá og reynum!



(Þeir berjast; Tíbalta fellur.)

*Benv.:* Flý, Rómeó! burtu; borgararnir koma,  
og Tíbalta liggur lík; ó, statt' ei hér!  
því furstinn óðar dæmir þig til dauða,  
ef þú ert tekinn; burtu hêðan, burtu!

*Róm.:* Ó, eg er auðnufífl.

*Benv.:* Því fer þú eigi? (Rómeó fer.)

(Borgarar koma.)

*1. borg.:* Hvern veg hljóp sá, sem Mercútió myrti?  
En morðinginn hann Tíbalta, hvert fór hann?

*Benv.:* Hér liggur Tíbalta.

*1. borg.:* Heyr þú, herra góður;  
í furstans nafni! fylg þú oss og kom nú!

(Furstinn kemur með föruneyti, Montag, Kapúlett og konur þeirra  
o. fl. koma.)

*Furst.:* Seg, hverjir vöktu þenna illa ófrið?

*Benv.:* Heyr mig, ó, fursti! frætt eg get þig snjallt  
um ferlegt stríðið, hversu til gekk allt;  
Hér liggur sá, er Rómeó vaskur vó,  
og vin hans drap, þinn frænda Mercútió.

*Frú Kap.:* Æ, góði Tíbalta, barn hans bróður míns;  
æ, beiska sjón, að horfa' á frænda síns  
lík fyrir augum. — Heyr mig, herra góði,  
æ, hell nú út í staðinn Montags blóði! —  
Æ, frændi, frændi!

*Furst.:* Benvólíó, hver blès að þessum kolum?

*Benv.:* Hinn bráði Tíbalta, hvern að Rómeó féldi;  
en Rómeó mælti hlýtt til hans og hvatti'  
hann

að hyggja að, hve sakir væri litlar,  
og annars vegar yðar tignar reiði;  
en hvorki hógværð, hæversk orð nè blíða

gat fundið nokkra vægð hjá trylltum Tíbalt,  
 sem heyrði ei, en bitru sverði brá  
 að brjósti hinum vaska Mercútló,  
 sem brást við hart, og setti odd gegn eggju  
 og köldum bana hratt í heiptar-móði  
 með hægri, en með vinstri sendi Tíbalt  
 hann aptur, og svo aptur hinn til skiptis;  
 þá kallar Rómeó : hættið, vinir, hættið,  
 og orði fyrri feykir vopnum þeirra  
 úr höndum þeim og þýtur mitt á milli;  
 en undir hönd hans hitti trylltur Tíbalt  
 Mercútló, og skauzt svo brott í skyndi;  
 en snýr skjótt við og rauk að Rómeó,  
 sem reiðin var þá nýfarin að tendra;  
 þeir berjast eins og elding fyr en eg  
 gat skilið þá, og Tíbalt dettur dauður,  
 og eptir fall hans flýði Rómeó;  
 sè frásögn aukin, veit mér hvergi ró.

*Frú K.:* Nei, hann er frændi þeirra Montagsmanna  
 og málavexti flytur því ei sanna;  
 víst tuttugu þeirra æstu leikinn leiða,  
 og loksins tókst þeim þennan einn að deyða.  
 Þú, ríki fursti, ert réttvísinnar hlíf;  
 lát Rómeó drepa fyrir Tíbalts líf!

*Furst.:* Mercútiós frænda hefur Rómeó hefnt;  
 að hverjum skal nú þessum sökum stefnt?

*Mont.:* Ei Rómeó, fursti, hann var ástvin hans,  
 og hefndi að eins réttar þessa lands,  
 þótt dræpi Tíbalt.

*Furst.:* Fyrir framtak það  
 hann fari þegar brott úr vorum stað!  
 Eg sjálfur kenni á yðar hatri hörðu,

það hefir mínu blóði saurgað jörðu,  
 og hefnd vor skal svo hart að yður ganga  
 að harma vora munið tíma langa;  
 eg daufheyrir við yðar bænum öllum  
 og öllum boðum, veini' og táraföllum;  
 því reynið slíkt ei. — Flyi' hann burtu fljótt,  
 því finnst hann skal líf hans enda skjótt.  
 Fær líkið brott. — Vor lög skal sérhver  
 virða,  
 sú líkn er morð, sem hlífir þeim, sem myrða.  
 (Þeir fara.)

## 2. atriði.

Herbergi í húsi Kapúletts.

(Júla.)

*Júl.:* Eldsnöru hestar, skundið fráum fótum  
 til Föbuss heim; hinn bráði sólguðs sonur  
 nú skyldi halda' á keyri hans og keyra  
 svo kerra' og hestar steyptust nið'r í vestrið,  
 og koldimm nóttin kæmi' á augabragði. —  
 Þú elskendanna fóstura, fölva njóla,  
 svæf dagsins brá og drag nú tjald þitt  
 fyrir;  
 leið unnustann í ástarfaðmlag mitt,  
 svo enginn heyri fögnuð vorn nè sjái;  
 því elskan ber í yndisleik sín sjálfs  
 sitt eigið ljós, og þó að hún sé blind  
 er nóttin henni hollust. — Blíða njóla!  
 með dygðaskartið dökkt sem heiðvirð kona,

ó, kenn mér hvernig sigruð fer að sigra,  
er sveinn og mey um hreinar ástir tefla,  
og fel það blóð, sem fossar mér í kinnum  
í feldi þínum, þar til ástin hættir  
við feimni sína' og finnur að sú ást,  
sem saklaus er, sé sönn og þurfi' ei blygðar.  
Kom nótt, kom ljós um nótt, þú ljúfi Rómeó!  
Þú skartar eins á skuggavængjum njólu,  
sem mjöll á hrafnsvæng. — Kom þú, kæra  
nótt,

þú Kolbrún ástumhlýja, gef mér Rómeó,  
og þá hann deyr, þú mátt hann aptur eiga  
og gjöra úr honum ótal ástarstjörnur;  
þá verður hvarmur himinsins svo fagur  
að jörðin hneigir hug til næturinnar  
og sér ei framar sól af ást til hennar.  
Mitt hjarta hefir keypt sér ástar-óðal  
en ekki byggt; eg sjálf er öðrum seld,  
en eigandinn ei kominn. — Dapri dagur!  
sem dagur barni fyrir stóra hátíð,  
ef á í vændum væn og spáný klæði  
og þreyir svo. — Æ, þarna kemur fóstra,

(Fóstran kemur með stigann.)

og ber mér fréttir; sérhver sál sem nefnir  
minn Rómeó rétt í svip, er málsnjall  
engill. —

Já, fréttir fóstra! hvað, er þetta stiginn,  
sem þurfti' að fá?

*Fóstr.:* Já, þarna er stiginn, trúi' jeg.

(Kastar honum niður.)

*Júl.:* Æ, hvað er að? Því berðu þér á brjóstið?

*Fóstr.:* Æ, guð minngóður! dauður, dauður, dauður!

- Æ, það er alveg úti' um okkur, Júlla;  
æ, hann er farinn, myrtur, deyddur, dáinn!
- Júl.:* Svo harðbrjóstaður er ei himinn Guðs.
- Fóstr.:* Nei, enginn himinn, heldur þessi Rómeó,  
nei, enginn himinn. Rómeó, Rómeó, Rómeó!  
hver hefði getað haldið slíkt um þig?
- Júl.:* Er kominn ár, að kvelja úr mér lífið?  
þær kvalir eiga' að ýla neðst í víti. —  
Drap Rómeó sig sjálfan? segðu já,  
og þetta eina já er eiturfyllra  
en augnaráð hins banvænasta höggorms;  
það grimma já mig gjörir strax að ná.  
Seg, er hann dáinn? anza skjótt, seg, já,  
en ef hann lifir: nei; eg gef þér vól  
með skjótu svari' að skipta' um sælu' og kvöl.
- Fóstr.:* Jeg sá hans sár með mínum eigin augum;  
Guð hjálpi mér! — í gegnum blessað brjóstið,  
hann lá þar lík, sem blóðugt, bólgið lík,  
svo blóðlifrarinnar hengu; — jeg fékk svima.
- Júl.:* Æ, brest mitt hjarta, brest mitt auma hjarta,  
og hættið augu' að horfa' á lífsins ljós,  
verð hold að mold, og leggst í dauðadöf,  
og dveljum bæði tvö í sömu gröf!
- Fóstr.:* Æ, Tíþalt! Tíþalt! vænsti' og beztu vinur!  
minn ástúðlegi ungi tignar-Tíþalt!  
jeg hlaut að lifa' og líta' upp á þig dauðan.
- Júl.:* Nú, hvaða stormar steðja hvor mót öðrum?  
dó Rómeó? dó Tíþalt? dóu báðir?  
minn frændi kær og miklu kærri maður?  
Svo blás til dómsins dauðans ógna lúður,  
því hver er lífs að liðnum þessum tveimur?





- Fóstr.:* Tívalt er deyddur, Rómeó rekinn burtu,  
já, Rómeó fer í útlegð, hann drap Tívalt.
- Júl.:* Ó, mildi Guð! og myrti Rómeó Tívalt?
- Fóstr.:* Hann myrti' hann, jú, hann myrti' hann, æ  
mig auma.
- Júl.:* Æ, höggormshjarta undir æskublóma!  
svo fagurt hýði átti engin naðra,  
gullfagri böðull! engilfagri ár!  
þú hrafn í dúfuham! þú ljón í lambsmynd!  
þú guðdóms-ímynd með svo illu eðli!  
svo alveg gagnstætt allt við það sem sýnist, —  
heiðvirður fantur, helgur sakamaður! —  
O, náttúra, hvað varstu' að gjöra í víti  
að vondan ár þú skyldir taka' og klæða  
svo Eden-fögru, ljúfu líkams-holdi?  
Var nokkru sinni samin léleg bók,  
og sett í þvilíkt gullband? Gat þá flærðin  
í svona björtum bústað átt sér hæli?
- Fóstr.:* Æ nei, hjá körlum finnst ei trú nè trygð,  
þeir sverja, ljúga, svíkja, tæla allir,  
eiðrofar, fantar allir saman, allir! —  
Æ, hvar er Pétur? heyrðu, gef mér staup!  
Slíkt eymdarfár og ósköp koma mér  
í andarslitrin. — Ólánskömmin Rómeó!
- Júl.:* Nei, fúni úr þér tungan fyrir þetta;  
því skömmin mætti skammast sín að sitja  
á höfði hans, þar heiðu'rinn ætti' að krýnast  
til einvalds konungs allrar heimskringlunnar.  
Eg var frá víti' að ámæla' honum áðan.
- Fóstr.:* Jú, þú vilt blessa banamann þíns frænda!
- Júl.:* Því skyldi' eg ekki blessa eigin mann minn?

Vesali ástvin! ætli nokkur fegri  
þitt nafn, ef eg það níði, konan sjálf,  
sem búin er að eiga þig vart dagsmark!  
En seg mér, slæmi, til hvers drapstu Tíbalt?  
Hinn slæmi Tíbalt vildi myrða mann minn.  
Til uppsprettu' ykkar, einfeldningar, tár,  
því ykkar regn er sorgarinnar skattur,  
sem gleðinni þið gefið óvitandi.  
Minn maður slapp frá morðingjanum Tíbalt,  
og morðið lenti' á Tíbalt, ei á honum:  
allt þetta' er hugfró; hverju græt eg þá af?  
Nei, til er orð, sem Tíbalts falli' er verra  
og myrðir mig; ó, gæti eg því gleymt!  
en það er fast í minni mínu, rétt eins  
og banvænt brot í sálu syndugs manns:  
„Tíbalt er dauður, Rómeó rekinn burtu“,  
Rómeó! útleð! eina orðið útleð  
er tíu þúsund Tíbalts líka bani;  
hans fall var nóg, þótt ekki væri annað;  
en vilji' ei sorgin vera ein á ferð  
en þyki betra' að fleiri sorgir fylgist,  
því var ei sagt, er sagt var: „Tíbalt dauður“,  
og faðir þinn og móðir bæði myrt?  
Það hefði vakið venjulega sorg.  
En bak við Tíbalts morð var fylgífiskur:  
„hann fer í útleð“ — þetta drepur niður  
minn föður, móður, mig og Rómeó, Tíbalt,  
svo enginn lifir. — Útleð! Rómeó, útleð!  
Slíkt náhljóðs orð má engin tunga taka,  
það takmark vantar, hæð og breidd og maka.  
En seg mér, hvar er faðir og móðir mín?

- Fóstr.:* Þau moldum Tíbalts fórna tárur sín,  
 og kom þú nú og far að finna þau.  
*Júl.:* Þau lauga Tíbalts sár, en tárin mín  
 víst treínast, vinur, betur útleigð þín. —  
 Tak stigann upp. — Þú stiga-grey, sem eg,  
 ert stórum blekkur; hann fer annan veg!  
 Þú skyldir hjálpa manni' að ná í mey,  
 en mey eg verð og ekkju-mey eg dey.  
 Kom fóstra, búðu brúðarrúmið vel,  
 fyrst brást mér Rómeó, skal mig spenna  
 hel.  
*Fóstr.:* Gakk inn til þín! jeg fer að finna Rómeó,  
 hann skal þig hugga; hvar hann er, veit jeg;—  
 hann kemur, sjáðu, í kvöld að faðma þig,  
 í klefa Lárenz munks hann felur sig.  
*Júl.:* Seg, hringinn þennan eigi ástvin minn  
 og ósk mín sje að kveðja' hann hinnsta sinn.  
 (Þær fara.)



### 3. atriði.

Klefi Lárenzar.

(Lárenz og Rómeó koma.)

- Lár.:* Upp, Rómeó! þú hugarhrelldi maður,  
 því hörmungin er sjúk af ástum til þín,  
 og auðnuleysið er þín eiginkona.  
*Róm.:* Æ, hvað er frétta, faðir? Veiztu dóm minn?  
 Seg, hvaða harmur heilsa vill mér enn þá,  
 sem hef eg ei séð áður.  
*Lár.:* Kæri sonur,

- já, helzt of títt er þér við þraut að búa;  
 en nú skal fræða þig um furstans úrskurð.
- Róm.:* Og hann er fráleitt væg'ri en dauðadómur?
- Lár.:* Af vörum hans féll vægri dómsúrskurður:  
 ei líkamslát, en líkams útleigð, var hann.
- Róm.:* Nei! útleigð! vert mér vægur, segðu: dauði!  
 því útleigðin er ofboðslegri í framan  
 en dauðinn sjálfur; segðu' ei útleigð, maður!
- Lár.:* Úr Verónu þér vísað er í útleigð;  
 en ber þig vel, því veröldin er stór.
- Róm.:* Nei, engin veröld utan Verónsborgar!  
 tómur hreinsunarbál og heijarglóð og kvalir!  
 og útleigð heðan útleigð er úr heimi  
 með öðru nafni: dauðinn; þetta útleigð  
 er tómur dauðinn nefndur röngu nafni.  
 Með útleigðinni höggurðu' af mér höfuð  
 með gylltri öxi', og glottir við um leið.  
 og gengur þú á milli bols og höfuðs!
- Lár.:* Ó, banvæn synd og bannsett vanþakklæti!  
 vor lög þig dæma dræpan, hefði' ei furstinn  
 þinn málstað tekið, troðið niður lögin  
 og breytt í hlýja útleigð hörðum dauða;  
 og slíka miskunn viltu' ei viðurkenna!
- Róm.:* Nei, engin miskunn! Hér er himnaríki,  
 því hér er Júlía. Kettir, mýs og rakkar  
 og hvert hið minnsta mý er hér á himnum,  
 því þessu er leyft að sjá og horfa' á hana,  
 en ekki Rómeó. Hærra lán og hylli  
 og hamingju á flugan þó en eg,  
 hún snertir undra bjartleik hennar handar  
 og sýgur sáluhjálp af hennar vörum,  
 þeim gyðjum, sem að geyma skírleikseldinn,



og hugsa' að þeirra helgur koss sè glæpur.  
Slíkt má ei Rómeó, hann skal hrapa' í út-  
legð,

en flugan má það; fljúgi hann sem skjótast,  
og hún er frjáls, en hann er óalandi;  
þú heldur samt að útlegð ei sè dauði.  
En áttu' ei eitur eða bitran morðhníf,  
eða' einhvern annan bráðdrepanði hlut,  
sem sálgi mèt? en ekki þetta — útlegð!  
Glataðir, munkur, öskra þetta orð  
í neðsta víti. Harður ertu' í hjarta,  
þú hreldra sálna huggarinn og prestur,  
þú helgi skriptafaðirinn og vin minn,  
að kvelja mig með orði þessu: útlegð.

*Lár.:* Þú vitfirringur, lof mèt anza orði.

*Róm.:* Þá ferðu' að nefna útlegðina aptur.

*Lár.:* Eg sel þér vopn að verjast þessu orði:  
vit, heimspekin er hörmunganna nýmjólk  
og huggun mun þér gefa' í þinni útlegð.

*Róm.:* Já, útlegð! — Taktu heimspekina' og hengdu,  
ef heimspekin ei getur skapað Júlíu,  
fært borg úr stað og breytt um dómi fursta,  
hún getur ekkert, hjálpar ekkert; hættu!

*Lár.:* Eg sè að heimska vantar alveg eyrun.

*Róm.:* Sem ei er kyn, ef vitra vantar augun.

*Lár.:* Kom, eg vil ráðgast um þín efni við þig.

*Róm.:* Þú veizt ei neitt um það, sem þú ei reynir.  
Nei, vertu jeg og vertu giptur Júlíu  
í hálfu stund og hafðu drepið Tíbal, —  
þú færir þá að tala — þá að slíta  
þér hár af höfði' og fleygja flötum niður  
og mæla eins og þíns legreits lengd.

(Kastar sér niður; barið.)

*Lár.:* Upp! Það er barið. — Rómeó, fel þig, fel þig!

*Róm.:* Nei, ekki fyr en sorgarsog míns hjarta með svörtum skýjum geta fólgið mig.  
(Barið.)

*Lár.:* Þeg, enn er barið. — Hver er úti? — Statt' upp!

þeir ná þér annars, statt' upp snöggvast,  
upp, upp!

Í klefann! — Eg kem nú senn — Æ, Guð minn!

hvað gengur á? — (Barið.) Eg kem, eg kem nú þegar. (Barið aptur.)

Hver ber svo ótt? Nú, hvaðan að og hvert þá?

*Fóstr. (úti):* Æ, hleyp mér inn, svo erindið þú heyrir. Eg kem frá Júlíu!

*Lár.:* Kom þá heil og sæl!

(Lýkur upp og fóstran kemur inn.)

*Fóstr.:* Ó, helgi munkur, helgi munkur, seg mér, hvar maður hennar, hvar hann Rómeó er!

*Lár.:* Við gólfið þarna', af gráti sínum drukkinn.

*Fóstr.:* Svo hann er eins og húsmóðirin, allt eins.

*Lár.:* Ó, sorgar-samband! aumkvunarlega eining!

*Fóstr.:* Hún liggur allt eins, grætur, veinar, grætur. Statt' upp, statt' upp! ef ertu maður; upp, upp!

í Júlíu nafni; í nafni hennar, statt' upp, og dey ei í svo djúpu voli.

*Róm. (stendur upp):* Fóstra!

*Fóstr.:* Og jæja, herra; dauðinn endar allt.

*Róm.:* Um Júlíu? Hvað þá? hvernig líður henni?



hún hyggur mig víst hertan manndrápara,  
því eg hef saurgað barndóm okkar blíðu  
með blóði, sem var náskylt hennar sjálfrar.  
Seg, hvernig líður? segðu mér, hvað segir  
mín nýgipt frú um nýupprifnar tryggðir?

*Fóstr.:* Hún segir ekkert, grætur allt af, grætur,  
og fleygist ýmist flöt á rúmið eða  
hún sprettur aptur upp og kallar Tíbalt  
og Rómeó og rýkur út af aptur.

*Róm.:* Já, eins og nafn mitt stykki' úr steyttri byssu  
og deyddi hana, allt eins og það áðan  
með óguðlegri hendi myrti Tíbalt.

Ó, seg mér, munkur, seg mér, hvar er nafn  
mitt

í þessu auma holds míns hreysi fólgið,  
eg rek það burt úr skúmaskoti þess?

(Dregur sverð sitt.)

*Lár.:* Gæt þinnar óðu handar! ertu maður?  
Þitt útlit vottar karlmann, tár þín konu,  
og allt þitt tryllta æði skynlaust dýr.  
Vansköpuð kona í velsköpuðum manni,  
og versta dýr þar hvorutveggja mætist!  
þú hræðir mig, við helga reglu mína!  
Eg hélt þig kunna hóf og stilling betur;  
þú myrtir Tíbalt, vilt nú vega þig  
og vega hana um leið, sem lifir í þær,  
er leggja ferðu glæpshönd á þig sjálfan.  
Þú blótar þínum burði, himni, jörðu,  
þótt burður, jörð og himinn í þær mætist  
í einni þrenning; þessu viltu kasta.  
Svei, svei! þú flekkar manndóm, mannvit,  
ástir,

er maurakarli viltu heldur líkjast,  
en neyta rétt svo stórrar gáfnagnægðar,  
og göfga þar með vit þitt, ást og manndóm.  
Þín friða mynd er mynd úr tómu vaxi,  
ef manndóm vantar til að festa hana,  
og eins er ást þín eiðrof, þótt þú sverðir,  
ef banarðu' henni, sem þú hæzt að elska;  
þitt mannvit, prýði manndóms þíns og ástar,  
afskræmir þú með beggja hinna hrösun,  
þín heimska' og hranaskapur kveykir í því,  
sem hermaður í hirðuleysi kveyki  
í púðurhorni sínu, svo þér verður  
að falli það, sem falli skyldi verja.  
Upp, hresstu hugann! Júlfa þín lifir,  
sem kom þér áðan til að æskja dauðans.  
Er þetta ei lán? Að þig ei Tíbaldr drap,  
en þú drapst hann: er það ei annað lánið?  
Þau lög, sem heimta líf þitt, hlífðu þér  
og dæmdu útlegð; einnig það varð lán þitt.  
Í hópum rigna höppin yfir bak þitt,  
og klædd í skart sitt leikur við þig lukkan,  
en þú ert eins og köld og kenjótt stúlka,  
þú kurrar móti farsæld þinni' og elsku.  
Ó, gæt þín, gæt þín! slíkt fær illan enda!  
Far, sem þú hugðir, finn þú ástmey þína,  
stífg upp til hennar, huggað' hana vel,  
en tef ei þar ungz varðmenn setja verði,  
því úr því kemst þú ei til Mantúu;  
þar skaltu vera ungz vèr getum auglýst  
þitt hjónaband og sættum ykkar ættfólk,  
og friðum þig við furstann; síðan kallast  
þú heim með miljón sinnum meiri fögnuð,





en þú nú hefir hëðan burt af raunum. —  
Gakk, fóstura, fyrri, heilsa þinni húsfrú,  
bið hana fljótt að reka menn til rekkna,  
og raunir hússins munu til þess styðja.  
Brátt kemur Rómeó.

*Fóstr.:* Drottinn minn hinn dýri,  
eg gæti unað hér í alla nótt  
við góða ræðu; gott er að vera lærður! —  
Eg segi, herra, frúnni að þið finnist?

*Róm.:* Já, gjör það; bið þá ljúfu að búa mër  
til skarpa ræðu.

*Fóstr.:* Hér er hringur einn, sem  
hún sendir yður; hraðið yður, herra,  
þér verðið ella allt of seinir fyrir.

(Fer.)

*Róm.:* Nú vex mër von og huggun hvaðanæfa.

*Lár.:* Far heill; af stað, og gæt þess um fram allt  
að fara burtu fyr en verðir byrja,  
eða' ekki fyr en birtir, huldu höfði.  
Í Mantúuborg þú bíður unz eg sendi  
þinn eiginn svein að segja þér hvað við ber,  
og heillavænlegt hvað af hverju gerist.  
Gott kvöld, þó seint sè; sel mër hönd, far  
vel!

*Róm.:* Ef gleði allrar gleði' ei ginnti mig,  
þá gremdist mër, svo brátt að kveðja þig.  
Far vel!

(Þeir fara.)



## 4. atriði.

## Í húsi Kapúletts.

(Kapúlett, frá Kapúlett og París.)

- Kap.*: Við höfum haft svo mikla mæðu, greifi, að tíð fèkkst ei til tals við dóttur okkar; því gætið að, hún tregar mikið Tíbalt; eg líka; nú—við deyjum eitt sinn allir. Það er svo seint, hún fæst ei frammar ofan, og hefðuð þér ei haldið mér, þá vær' eg til hvíldar genginn fyrir heilli stundu.
- Par.*: Á harmatíð skal eigi brúðar biðja. Frú, góða nótt, og færið henni heilsan.
- Frú Kap.*: Á morgun snemma veit eg hennar vilja, hún vakir ein í kvöld með raunum sínum.
- Kap.*: Eg, herra París, ætla að ábyrgjast um ástir dóttur minnar; eg vil halda hún muni' í flestu fylgja mínum vilja; já, veit það víst.—(Til frú Kap.) En vitja hennar áður þú ferð til svefns, og segðu henni frá því, að son minn París vilji biðja hennar, og heyrðu, mundu, á miðvikudaginn kemur—nei, bíðum við, í dag er?
- Par.*: Mánudagur.
- Kap.*: Á miðvikudaginn! Ha, ha! heldur snemmt;—fimmtudag þá? Á fimmtudaginn, segðu, þá skuli' hún verða greifa þessum gefin. Hvað sýnist yður? Er það kannske fljótlegt? við höfum litla viðhöfn—fáa vini, því stutt er síðan Tíbalt vor var veginn,

og ónærgætið öllum mundi þykja —  
þér heyrið, ef við hefðum mikinn fagnað,  
svo náskyldur sem hann var okkar húsi ;  
við bjóðum því ei nema vildis-vinum,  
og verum þar með ánægð. Nú, hvað segið  
þér þá um fimmtudag?

*Par.* : Um fimmtudaginn ?  
Eg vildi helst, minn herra', hann kæmi' að  
morgni.

*Kap.* : Gott! farið vel; á fimmtudag það gerist. —  
En finn þú hana áður en þú háttar,  
og undirbú með henni brúðkaupsdaginn. —  
Far heill, minn herra! — Heyrið, lýsið okk-  
ur! —

Eg hygg svo orðið seint, að senn hvað liður  
við segja mættum snemma. — Góðar nætur!  
(Þau fara.)




## 5. atriði.

Herbergi Júlíu.

(Rómeó og Júlía.)

*Júl.* : Og þú vilt fara, og þó er langt til dagsins.  
Lævirkinn þegir, það er næturgalinn,  
sem hræðir eyru þin með hljóðum sínum ;  
hann syngur alla nótt í aldintrénu ;  
já, ástrvin, trú mér, það er næturgalinn.

*Róm.* : Nei, lævirkinn, sem boðar birtu dagsins.  
Sjá, elskan mín, þær öfundsjúku rákir,  
sem brydda gulli bólstrin neðst í austri ;



öll næturljósín eru að brenna út,  
og kátur dagur tyllir niður tánunum  
á tindinn þarna, sem er hulinn mistri.  
Á burt að lifa, eða bíða' og deyja?

*Júl.:* Nei, ljósið þarna, það er engin dagsbrún,  
nei, heldur loptsjón, andi sællar sólar,  
er sendir hún þér, að þú skulir rata  
til Mantúu með þessu hjarta blysi;  
æ, dvel því enn, og bíð þú lítið lengur.

*Róm.:* Svo náí þeir mér; lát þá taka líf mitt,  
eg er þess fús, ef elskan mín þess æskir.  
Eg sé þá ekki auga morgundagsins,  
en endurskin frá fölum hvarm á Venus,  
og ekki voru lævirkjans þau ljóðin,  
er hljómuðu' yfir höfðum okkar áðan.

Nei, miklu síður fer eg burt en bíð,  
mín brúður vill það; dauðann fús eg líð.  
Hvað lízt þér? tölum; enn ei dagur er.


*Júl.:* Nei, eg sé daginn! Burt! ó, forða þér!  
Lævirkinn er það, sem nú syngur öfugt,  
hjáróma rofur, hart og óviðfeldið,  
menn segja' hann skilji samhljóm margra  
radda,

en varla þessi, því hann skilur okkur.  
Við eðlu skipti' hann augum, segir sagan,  
því höfðu þau ei hljóða skipti líka?  
því rödd hans skilur okkar ástar fund  
og eltir þig, en truflar dagsins blund.  
Þú hlýtur fara, dagur birtir borg.

*Róm.:* Sem birtan vex, eins dimmir nú af sorg.

(Fóstran kemur.)

*Fóstr.:* Frú mín!



*Júl.*: Já, fóstura.

*Fóstr.*: Þín móðir, frúin, ætlar inn til þín.

Það birtir; vertu vör um heiður þinn.

(Fer.)

*Júl.* (lýkur upp glugganum): Nú víkur lífið út, en birtan  
inn.

*Róm.* (fer niður.): Lif heil, lif heil! einn koss, eg fer  
nú frá þér.

*Júl.*: Æ, ferðu, ljúfi hjartans vinur, frá mér?  
Hvern dag og tíma hlýt eg frá þér heyra,  
því hver ein svipstund er mér jafnlöng viku,  
og eptir því þá verð eg æfa-gömul,  
er auðnast mér að sjá minn ljúfa Rómeó.

*Róm.*: Í nyt skal eg mér sérhvert færi færa,  
að fréttir berist til þín, hjartans kæra!

*Júl.*: Æ, heldur þú við munum optar mætast?

*Róm.*: Eg held það víst, og okkar mikla mæða  
mun verða þá að sætu umtalsefni.

*Júl.*: Guð hjálpi mér! minn hugur spáir illu;  
mér sýnist, er eg sé þig þarna niðri,  
eg sjái liðinn mann á grafarbotni;  
mér bregðast augun, eða þú ert bleikur.

*Róm.*: Mér sýnist eins, mín ljúfa. Sorgarjel  
oss sogar blóð úr æðum. Lifðu vel!

(Fer.)

*Júl.*: Ó, lukka, lukka! lauslynd ertu kölluð,  
og hvað vilt þú með þann, sem er svo  
tryggur,  
ef þú ert lauslynd? vertu, lukka, lauslynd,  
og lát mig vona að fá hann bráðum aptur  
frá þinni hendi.

*Frú. Kap.*: Heyrðu, ertu risin?

- Júl.*: Hver kallar til mín? er það móðir mín?  
Svo seint á fótum, eða árla risin?  
hver óvænt orsök heimtar hana hingað?
- Frú K.* (kemur inn): Nú, dóttir, hvernig ertu?
- Júl.*: Ekki frísk.
- Frú K.*: Þú grætur sí og æ þinn fallna frænda;  
þú vilt hann fjóti' úr gröfinni með grát-  
straum!  
og þótt þér tækist það, þér tekst þó aldrei  
að tendra í hann lífið; hættu þessu,  
því hófleg sorg ei sannar skort á elsku,  
en sorg úr hófi mikinn vizku skort.
- Júl.*: Svo sáran missir má eg til að gráta.
- Frú K.*: Sá missir særir þig en ekki hann,  
sem grætur þú.
- Júl.*: Æ, lát hans svo mig særir,  
að eg get aldrei hætt að harma vin minn.
- Frú K.*: Þér finnst vist ei hans fall eins sárt og hitt,  
að fanturinn, sem drap hann, skuli lifa.
- Júl.*: Hver? fantur?
- Frú K.*: Þessi fantur, Rómeó.
- Júl.* (afsíðis): Nei, milli hans og fants er mikill vegur.—  
(hátt) Guð fyrirgefi honum, eins og eg  
af öllu hjarta gjöri; þó að enginn  
líkt honum hafi hjarta mínu grandað.
- Frú K.*: Af því að þessi þræl-morðingi lifir.
- Júl.*: Og það svo fjarri handargreipum mínum;  
eg vildi' eg ætti ein að hefna Tíbalts.
- Frú K.*: Við skulum hefna, vertu alveg viss,  
og gráttu ei; eg sendi mann til Mantúu,  
eg trúi hinn seki hafi þar nú hæli,  
og læt þar blanda beiskar dreggjjar karli,



sem beina honum sömu leið og Tibalt ;  
þá hugsa eg þú hressist og þér nægi.

*Júl.* : Mèr nægir aldrei neitt, hvað snertir Rómeó,  
fyr en eg sè hann orðinn andað lík,  
svo viðkvæmt er mèr fráfall þessa frænda.  
Og gætir þú nú fundið mann, sem fær er  
að flytja honum eitrið—skal eg blanda,  
og lát svo Rómeó smakka, og síðan sofa  
í náðum.—Æ, mig hryllir við að heyra  
það nafnið nefnt og ná þó ekki til hans,  
að láta koma kærleik minn til Tibalts  
í koll þeim manni' er honum varð að bana.

*Frú K.*: Finn þá upp meðul, manninn finn eg sjálf.—  
En nú til gleðifrétta, góða dóttir !

*Júl.* : Já, gleði þurfum við á þessum dögum.  
Hver er sú gleðin, góða móðir, seg mèr ?

*Frú K.*: Umhyggjusaman áttu föður, dóttir,  
hann vill nú hrinda harmi þessum frá þér  
og hefur ráðið þér einn gleðidag,  
er varði minnst; eg vissi það ei sjálf.

*Júl.* : Svo, hvað er þetta ! hver er þessi dagur ?

*Frú K.*: Á fimmtudaginn árla, barn mitt bezta,  
mun bíða þín í sankti Péturs kirkju  
hinn fríði, ungi og góði greifi París,  
og gjöra þig á sælli stundu brúður.

*Júl.* : Eg sver við Péturs kirkju og sjálfan Pétur  
á sælli stund eg verð þar ekki brúður.  
Mig undrar þetta fú, ef eg skal giptast,  
og enginn maður hefur enn mín beðið ;  
æ, móðir, segðu mínum herra föður,  
eg vilji' ei giptast enn, en skuli' eg giptast,  
þá giptist eg þó miklu heldur Rómeó,

þeim sem eg hata, heldur en þessum París.  
Jú, þetta voru þægilegar fréttir.

(Kapúlett kemur.)

*Frú K.:* Þinn faðir kemur, seg nú honum svar þitt,  
og heyrðu hvernig honum líkár við þig.

*Kap.:* Við sólarfallið fellur döggr úr lofti,  
við sólarfall og andlát okkar frænda,  
þá kemur hvölfá. Hvaða, hvaða vátnsbúr  
er barnið orðið! allt af ertu' að gráta.  
Já, allt af rignir; ekki' er stór þinn kroppur,  
og er þó bæði straumur, skip og stormúr:  
í augum þínum fellur að og út,  
svo ekki vantar hvað eg kalla straumsgjú,  
en kroppurinn er skipið, sem að siglir  
hið salta haf, en storminn mynda stunur,  
sem stríða' á tårin og svo þau í mót,  
og komi' ei bráðum hægð, þá hvelfist fleytan  
í hafrótinu. — Heyrðu, kona, er búið  
að segja henni okkar fasta áform?

*Frú K.:* Jú, víst, en stúlkan vill ei þakka fyrir;  
hún ætti' að giptast gröfnni sinni, flónið!

*Kap.:* Hvað segir þú? hvað segir þú mér, kona?  
hún vill það ekki? þakkar okkur ekki?  
hún metnast ekki? kallar sig ei sæla,  
er útvegum við henni einskisverðri,  
í bónda stað hið bezta göfugmenni?

*Júl.:* Eg býð ei metnað, heldur miklar þakkir,  
því metnast get eg ei af því, sem hata' eg,  
en þakkað hatur, ef frá elsku kemur.

*Kap.:* Nei, heyr á víflengjur! heyr á! hvað þá?  
„Eg metnast ekki — þakka — þakka ekki!“





og metnast samt ei! — Heyrðu, heillakind!  
 Nú, þakka og metnast svo vel sem þér sýnist!  
 en ljúktu við á fimmtudag að fægja  
 þinn snotru-ham og komdu þá í kirkju  
 með París, annars ber eg þig á börum  
 til kirkjunnar. — Nú, heyrðu til mín, herfa!  
 þín vella, vesöld, tepra, tólgarnös!

*Frú K.:* Nei, hættu maður, látt' ei eins og ærður!

*Júl.:* Æ, faðir minn, eg bið og krýp á knèn,  
 haf þolinmæði, má eg snöggvast tala?

*Kap.:* Og svei þér aptan, þrjúzkufulla þýið!  
 þú ferð í kirkju' á fimmtudaginn, seg' eg,  
 ef framar viltu koma mèt í augsýn;  
 þú skalt ei anza, segja neitt nè svara!  
 Mig klæja lófar. — Kona! þegar Drottinn  
 gaf okkur þessa eina, þótti gjöf hans  
 vart meiri' en engin, nú er einni of margt,  
 því okkur varð til óláns það hún fæddist.  
 Svei aptan dubbu!

*Fóstr.:* Drottinn bless' hana' ætíð!  
 Þér gjöríð ljótt að lasta hana, maður!

*Kap.:* Og vill hún halda munni, vizku-dísin?  
 Burt! masa þú við málskrafis-stöllur þínar.

*Fóstr.:* Jeg skrökvaði' engu.

*Kap.:* Farðu, farðu! flýtt' þér!

*Fóstr.:* Má maður ekki tala?

*Kap.:* Þegi þú!  
 þín þvættings-blaðra, treindu þína speki  
 á mælgisþingum þínum, ekki hærna.

*Frú K.:* Þú ert of bráður.

*Kap.:* Biðjið Guð um náð!  
 eg ærist; seint og árla, nótt með degi,


einn og hjá öðrum, utanhúss og heima,  
 í vöku og svefni heila hugarfar mitt  
 var hana að gipta: nú er fenginn maður,  
 af fursta blóði, stórauðugur, ungur  
 og uppallinn með prýði, svo að honum  
 er, sem menn segja, allt til lista lagið,  
 sem nokkrum manni maður vildi óska;—  
 og nú er hér eitt vælu-vellu-tötur,  
 sem volar í því lukkan hlær á móti:—  
 „eg vil ei giptast,—get ei elskað enn þá—  
 eg er svo ung — æ, fyrirgef mér, faðir!“—  
 Jú, fyrirgefið skal það, ef þú vilt ei:  
 ver hvar þú vilt, þú verður ei hjá mér.  
 Gæt að! lítt' á! eg leik mér ei að gamni.  
 Dagurinn nálgast, legg nú hönd á hjarta  
 og hugsa ráð þitt; særtu mín, þá vittu  
 eg gef þig mínum vini; viljirðu' annað,  
 þá farðu, sníktu, drepstu' úr húsgangs-hor,  
 Því aldrei skal eg úr því kannast við þig  
 og aldrei færðu' af mínu eina nurtu.  
 Gæt að þér! trú mér, orð mín skal eg efna.

(Fer.)

*Júl.:* Byr engin miskunn ofar skýjum himins,  
 sem horfir nú til botns á hörmung minni?  
 Æ, hjartans-móðir, hrind mér ekki frá þér,  
 frest gipting minni mánuð! — eina viku? —  
 en ella lát mér búa brúðar hvílu  
 í blökkku skoti, þar sem Tíbalte liggur.

*Frú K.:* Tal' ei til mín, eg svara engu orði;  
 far þinna ferða, þú ert laus við mig.

(Fer.)



*Júl.* : Æ, hvernig get eg forðast þetta, fóstura ?  
í heimi á eg mann, á himnum eið minn,  
en hvernig kemur eiðurinn nú ofan  
með öðru en því, að maðurinn minn fari  
til himna' og sendi hann?—Ó, ráð mèt, styrk  
mig !

Ó, vei, að Herrann skuli beita brögðum  
við breyzka sköpnu' og auma, líkt og eg er.  
Seg, fóstura, átt þú ekkert orð sem gleður  
og huggar mig ?

*Fóstr.* : Eg held það : Rómeó  
er útlagi, og veðja skal eg veröld;  
hann vogar aldrei hingað þig að sækja,  
og komi hann, þá kemur hann sem þjófur.  
Og þar eð allt er þannig, nú sem stendur,  
þá finnst mèt bezt þú giptist þessum greifa.  
Ó, þar er ástúðlegur yngismaður !  
því Rómeó er ræfils grey hjá honum ;  
svo eldsnör augu, hvöss og hýr og fögur  
á enginn örn, sem París ; finnst þer ei  
hinn seinni góður, blóta mèt í bræði,  
já, betri þessum fyrri ; eitt er handvíst,  
að þótt hann lifði, er hann eins og dauður,  
því engin not fær þú af honum framar.

*Júl.* : Þú talar víst af hjarta ?

*Fóstr.* : Og hug og sálu,  
mig eigi annars skrattinn !

*Júl.* : Amen.

*Fóstr.* : Til hvers ?

*Júl.* : Já, það var hjartnæm huggun, sem þú gafst mèt!  
Gakk inn og segðu móður minni eg fari  
til Lárenz munks, að líða harðar skriptir

og lausn fá aptur sakir þrjózku minnar  
við föður minn.

*Fóstr.:* Eg fer. — Nú, það var ráðið.  
(Fer.)

*Júl.:* Ó, forna víti, versti hrekkja fjandi! —  
Er meiri synd að tæla mig í tryggðrof,  
en tala skammarorð um bónda minn,  
með sömu tungu er hóf hann hátt til skýja  
víst hundrað sinnum áður? — Burt með ráð  
þín! —

Mitt hjarta' og þú upp hédan verður tvennt! —  
Til munksins! hann kann bót í böli eygja,  
og bregðist allt, þá hef eg þrek að deyjja.  
(Fer.)

## IV. þáttur.

### 1. atriði.

Klefi Lárenz.

(Lárenz og París koma.)

*Lár.:* Á fimmtudag? mér finnst sá tími stuttur.

*Par.:* Já, faðir okkar, Kapúlett, því ræður,  
og ákefð hans eg hirði sízt að letja.

*Lár.:* Þér segizt ekki vita hennar vilja;  
mér virðist málið ógreitt; lízt ei á það.


*Par.:* Hún harmar langt úr hófi dauða Tíbalts,

eg hef því enn þá talað fátt um ástir ;  
 í sorgarhúsum hlær ei ástargyðjan.  
 En faðir hennar hyggur það sé háski,  
 ef harmur þessi fær svo lausan tauminn,  
 og flýtir því af varúð okkar vígslu  
 og vill nú stöðva hennar táraskúrir ;  
 í einverunni elnar henni sorgin,  
 en ætti' að réna skjótt á gleðimótum.  
 Nú vitið þér, hvað veldur þessum hraða.

*Lár.* (afstöðis): O, að eg vissi' ei fyllri þörf á fresti—  
 (hátt) Þar kemur hún í klefann, herra, til mín.

(Júlía kemur.)

*Par.* : Kom heil, mín inndæl frú og eiginkona !  
*Júl.* : Þá fyrst, minn herra, þegar það er orðið.  
*Par.* : Það verður nú um fárra daga frest.  
*Júl.* : Ef forlög vilja líka.  
*Lár.* : Svo fer bezt.  
*Par.* : Þér viljið skriptast fyrir þessum föður ?  
*Júl.* : Eg skriptast fyrir yður, ef eg svara.  
*Par.* : Svo dyl hann eigi þess, að elskið mig.  
*Júl.* : Eg dyl ei yður þess, eg elski hann.  
*Par.* : Og ekki síður hins, að mig þér elskið.  
*Júl.* : Og gjöri eg það, er þvílík játning betri  
 á bak við yður en í opin eyru.  
*Par.* : Fast hefur hryggðin herjað yðar kinnar.  
*Júl.* : En hryggðin hefur lítinn sigur unnið.  
 því kinnin átti' ei mikið til að missa.  
*Par.* : Þér meiðið hana meir en tár með þessu.  
*Júl.* : Það er ei rógur, heldur satt, minn herra,  
 og eg á með, þótt andlit mitt eg tali' um.  
*Par.* : Þú rýrir andlit mitt með ræðu þinni.  
*Júl.* : Það má svo vera, mitt er það ei frammar.—



En heyr, minn faðir, hefur þú nú tíma;  
því ella bíð eg óttusöngs í kvöld?

*Lár.:* Eg hefi tíma, hrellda dóttir, komum. —  
En, herra greifi, gefið okkur næði.

*Par.:* Guð forði mér, að fípa helga athöfn. —  
Á fimmtudaginn vek eg yður snemma.  
Far vel, og þiggið þenna helga koss.

(Fer.)

*Júl.:* Læs dyrum klefans; kom svo mēr að hjálpa  
að gráta, því öll von, hjálp, vörn er horfin.

*Lár.:* Ó, Júlía, eg veit um allt þitt ólán,  
sem yfirgengur jafnvel sjálfs mín stilling;  
eg heyri sagt þú hjótir tafarlaust.  
á fimmtudag að giptast þessum greifa.

*Júl.:* Seg ekki, munkur, hvað þú hafir heyrt,  
ef hefirðu' engi ráð að segja við því;  
ef þú, svo vitur, hefur enga hjálp,  
þá hrósa þú nú mínu vizku-ráði,  
að knífur þessi stytta mínar stundir.  
Guð gaf mēr Rómeós hjarta, hönd hans þú;  
ef hönd mín þessi, sem þú innsiglaðir  
með hans, skal aptur innsiglast til annars,  
og hjarta mitt með svikum seljast öðrum —  
skal þessi láta báðum blæða fyrri.  
Svo finn nú ráð af reynslu langrar æfi,  
sem hjálpi óðar; annars sjáðu nú,  
hve þessi blóðgi knífur miðlar málum  
í milli mín og örvæntingar minnar,  
og sker úr því, sem öll þín ár og reynsla  
með engum heiðri varð að gefast upp við.  
Eg bíð ei svars, en búin stend að deyja,  
ef bót og líkn þú dregur mēr að segja.

*Ldr.* : Nei, bíddu, dóttir, veit eg vonar-skímu,  
 en vogun er það fram úr öllu hófi :  
 ef hugsar þú þér, heldur en giptast París,  
 að hafa sálarþrek að missa líf þitt,  
 þá er það líklegt að þú hugdirfð hafir,  
 að hætta' á nokkuð, sem að líkist dauða,  
 og losa þig með því frá þeirri sneypu,  
 er þú vilt komast hjá með fullum dauða ;  
 og bili þér ei hugur, hef eg ráðið.

*Júl.* : Bið þú mig hlaupa, heldur en giptast París,  
 af hæsta turni þeim, er gnæfir þarna ;  
 að leggjast út, að leita' upp dreka bæli,  
 og bind þú mig við bráðöskrandi hrædyr,  
 og loka mig í líkhús inn um nóttu,  
 sem gnótrar allt af glamri dauðra beina,  
 hjá rotnum limum, hrægrotnandi hausum,  
 og seg mér leggjast nið'ri nýja gröf,  
 og liggja fast við líkið, inni' í hjúpnum ;  
 já, allt, sem vekur ofboð fyr en heyrt er,  
 það gjöri' eg heldur hjartans fús og örugg,  
 en hætta' að lifa óspilt kona manns míns.

*Ldr.* : Vel, vel! far heim, ver glöð og seg þú  
 giptist  
 með gleði París. Miðvika er á morgun ;  
 en næsta kvöld, þá vertu alein inni,  
 og ei skal fóstran sofa' í salnum hjá þér.  
 Tak þetta ker! og þegar þú ert afklædd,  
 þá drekktu þennan drykk, sem eg hef bland-  
 að,  
 og þá mun heljarhrollur allt, í einu  
 sig læsa gegnum allar þínar æðar,  
 og lífskrapt allan lama ; engin slagæð

skal eðli halda, en hætta öllum slætti,  
 og enginn varmi, engiun andardráttur,  
 skal bera vott, að lífsmörk hjá þér leynist,  
 þá kólna og deyja kinnarósir þínar,  
 og augna þinna ljórar skulu lokast,  
 því lífs þíns sólskin gripur skuggi dauðans,  
 og sérhver limur, sviptur eðliskrapti,  
 skal sýnast stirður, visinn, kaldur dauður.  
 Og nú með þessa mynd hins dimma dauða,  
 þú dvelja hlýtur fernar tíu stundir,  
 og vaknar þá, sem eptir sætan svefn.  
 Og morgun þann, sem mannsefnið nú kemur,  
 að sækja þig frá sænginni' — ertu dái, n,  
 og munt svo — eptir vorrar borgar venju —  
 strax verða borin, búin dýru skarti,  
 á opnum börum burt og niður látin  
 í hina gömlu grafarhvelving fólks þíns,  
 þar allir Kapúls ættar skulu hvíla.  
 En tímann milli, þar til þú skalt vakna,  
 þá sendi' eg bréf og segi þetta Rómeó,  
 og vökum, unz þú vaknar, báðir hjá þér,  
 og sömu nótt skal Rómeó þér ræna,  
 og með sér hafa beint í Mantúu borg.  
 Sjá, þannig frelsast þú frá spjöllum þessum,  
 ef engin kveifarlund né kvenna hræðsla  
 þig kjarki rænir, þegar mest á liggur.

*Júl.*: Æ, fá mér, fá mér! Nefndu engan ótta!

*Lár.* (fær henni kerid): Svo tak þá við, og vertu sterk  
og lánsöm

í þinni ætlun; eg skal nú án tafar  
til Mantúu senda munk með bréf til Rómeós.

*Júl.*: Ó, gef mér krapt þinn, ást, svo kraptur sá



mér kenni nú að sigrast þrautum á.  
Far vel, minn kæri faðir!

(Þau fara.)

→→→→→

## 2. atriði.

Herbergi hjá Kapúlett.

(Kapúlett, frá Kapúlett, föstran og þjónar koma.)

*Kap.* (við þjón): Þú býður þeim, sem bréfið inniheldur.  
(Þjónninn fer.)

(Við annan) En smala þú mér afbragðs-elda-  
sveinum.

*2. þjón.*: Þér skuluð engan fá ónýtan, húsbóndi,  
því jeg ætla að reyna þá, hvort þeir kunna að sleikja  
af fingrunum.

*Kap.*: Svo, hvernig ferðu að reyna þá með því?

*2. þjón.*: Jú, húsbóndi minn, það er slæmur kokk-  
ur, sem kann ekki að sleikja af fingrunum á sér;  
þann sem það getur ekki, hann tek jeg ekki.

*Kap.*: Nú flýt þér þá!

(Þjónninn fer.)

Við verðum varla viðbúin í tíma.

Fór dóttir mín að finna Lárenz munk!

*Fóstr.*: Já, húsbóndi minn.


*Kap.*: Nú kannske' hann geti eitthvað umbreytt henni  
einræningsskapar þverhöfðanum þessum.

*Fóstr.*: Hún kemur, sjáið, kát og hress frá skriptum.

(Júlía kemur.)

*Kap.*: Hvar ólstu manninn, þrákálfurinn þinn?

*Júl.*: Á þeim stað, sem eg lærði að iðrast sakir



míns þrályndis og þverúðar við ykkur og ykkar vilja ; hét því helgum föður, að falla fram til fóta þèr og biðja um fyrirgefning; gef mér nú upp sakir ; eg vil þèr hlýða hédan af í öllu.

*Kap.:* Nú, send til greifans, segið honum þetta, því eg læt þetta bandið binda' á morgun.

*Júl.:* Eg fann hinn fríða greifa' í klefa munkans og sýndi honum öll þau ástaratlot, sem ekki meiddu hæverskunnar reglur.

*Kap.:* Nú, eg verð feginn, flýtt þèr, stattu upp ! það fer að lagast. Lát mig ná í greifann. Nú farðu, seg' eg, sæktu hingað greifann. Jú, það veit Guð, að þessi helgi faðir á þakkir skilið hér af vorri borg.

*Júl.:* Kom, fóstra mín, og fylg mér inn og sýn mér

það skart, sem viltu velja mér til morguns.

*Frú K.:* Ei fyrri en á fimmtudag ; það nægir.

*Kap.:* Nei, farðu, fóstra, á morgun verður vígslan.  
(Júla og fóstran fara.)

*Frú K.:* Við verðum sein með viðurbúning okkar, því nú er kvöld.

*Kap.:* Og kvídd' ei, eg skal skurka, og allt skal hjálpast, heillin, vertu viss ; far þú til Júllu, komdu henni' í klæðin, eg ætla' að vaka, skipt þèr ekkert af því, eg ætla' að vera einu sinni konan. — Þeg, heyrið !—er þar enginn ? — nú eg fer þá sjálfur út og segi París greifa, hann eigi að búast árla dags að morgni.

Já, mér er orðið undra lætt um hjartað,  
að hún gekk í sig aptur, þrákálfstelpan.  
(Þau fara.)

\*\*\*

### 3. atriði.

Herbergi Júlíu.

(Júlía og fósttran koma.)

- Júl.* : Já, þetta klæðir best; en kæra fósttra,  
lof mér að vera einni inni' í nótt,  
því nú er þörf að biðja margra bæna,  
að Herrann vildi líta' í líkn til mín,  
sem, eins og þú veizt, er svo þrá og syndug.
- Frú K.* (kemur) : Er mikið eptir ógjört? skal eg  
hjálpa?
- Júl.* : Nei, móðir, hér er allt í röð og reglu,  
sem þarf að hafa handa mér á morgun;  
en leyfist mér, þá lát mig vera eina,  
því fósttra mín á ferli verður með þér;  
eg veit þið hafið ósköp öll að gjöra  
í þessu nýja striti.
- Frú K.* : Góðar nætur!  
Far þú til hvílu, þú ert þreytt og sofðu.  
(Frú Kap. og fósttran fara.)
- Júl.* : Æ, góðar nætur! — Guð veit nær við sjá-  
umst. —  
Ískaldur hrollur heltekur mig alla,  
sem hiti blóðsins ætli að verða' að frosti. —  
Eg kalla svo þær komi' að hugga mig; —  
þeg, fósttra! — Hvað á hún að gjöra hingað?

Nei, þetta sorgarspil eg spila alein :

Svo kom þá ker. —

En ef sá drykkur vinnur ekkert á mig,  
og eg má nauðug ganga' að eiga greifann?  
Nei, þessi skal það banna; bíddu þarna.

(Leggur hjá sér kníf.)

En, ef það væri ólyfjan frá munknum,  
og vildi hann með vèlum losast við mig,  
og vanza sinn af hjónabandi mínu,  
þá heyra menn hann hafi gipt mig Rómeó?  
Eg hræðist—nei, eg þarf þess eflaust ekki,  
því allir vita hann er helgur maður;  
svo vonða hugsun vil eg ekki ala.—  
En ef mér skyldi verða' að vakna fyrri  
í náhvolfinu niðri' en Rómeó kemur  
að frelsa mig!—Ó, hryllilega hugsun!—  
mun eg ei kafna kvik í þessu skoti?  
þess úldið gin ei andar minnsta lífsblæ,  
og ligg svo dauð, er lausnari minn kemur!—  
En þótt eg lifði, er ei eins að óttast  
að ímynd dauðans, myrkrið, öll þau ósköp,  
sem þarna búa, þar sem öldum saman  
var dyngt í þessa fornu feigðarhvelving  
gjörvöllum líkum allrar minnar ættar,  
og þar sem Tibalt liggur blóðugt lík,  
og úldnar inn í hjúpnum; þar sem sagt er,  
að vofur komi' á kreik, þá lægst er nóttin.  
Hú, hú! er ekki hætt við, ef eg vakna  
of snemma, að þá leggi til mín lykt  
af náunum, og náhljóð heyrast líka  
í jörðinni, sem allir segja' að æri  
hvern lifandi, sem þvílíks verður var!

Ó, ef eg vaki, verð eg ekki hamslaus  
 af öllum þessum ímynduðu feiknum?  
 og fer að kasta kjúkum afa minna,  
 og draga Tíbalts höggvið lík úr hjúpnum,  
 og gríp í þessum ærslum grotna hnútu  
 úr risavöxnum frænda og reiði upp,  
 sem kylfu, unz eg klif mitt eigið höfuð!—  
 Þeg, þeg! mér sýnist svipur Tíbalts kominn,  
 og svipast eptir Rómeó, er olli  
 hans bráða dauða.—Bíddu, Tíbalt, bíddu!—  
 Nú, kem eg; Rómeó,—þín sè þessi skál!—  
 (Hún drekkur af bikarnum, og verpur sèr á sængina.)

#### 4. atriði.

Salur hjá Kapúlett.

(Frú Kap. og fósttran koma.)

*Frú K.*: Tak lykla þessa, leita' að meiru kryddi.

*Fóstr.*: Þeir biðja um epli' í eldhúsinu og kvoðu.

(Kapúlett kemur.)

*Kap.*: Fljótt, herðið ykkur, haninn galar aptur  
 og morgunklukkan hringir. Þrjú slær  
 klukkan.

Þú, Angelíka, annast þessar kökur,  
 og sparaðu' ekkert.

*Fóstr.*: Hvaða blessað búrsnat!

Nei, farið þèr nú heldur inn í hvílu;  
 þèr veikizt nú af vökum strax á morgun.

*Kap.*: Og varla, eg hef vakað fyr en þetta,  
 og vakað út úr minna' og aldrei sýkzt.

*Frú K.*: Já forðum daga varstu vökuskarfur,  
en eg skal vakta þig, að vaka' ei núna.

(Frú Kap. og fósttran fara.)

*Kap.*: Já, hrædd um karlinn, hrædd um karlinn.—  
Heyrðu,

hvað kemur þú með?

(Þjónar koma með steikarateina, skíði og karfir.)

1. *Þjón.*: Það er handa kokknum,  
en hvað það er eg veit ei.

*Kap.*: Flýtt þér, flýtt þér.  
(Þjón. fer.)

En sæk þú betri við, og sækið Pétur,  
að segja hvar hann finnist.

2. *Þjón.*: Eg þarf ei Péturs,  
því hér er haus, sem hefur staurkarls vit.

*Kap.*: Já, þú ert staurkarl, strákur; það var hnittið,  
ha, ha,—en heyrið, það er orðið albjart;  
nú heyrir senn til hljóðfæranna greifans;  
hann hét mér því. — Nú heyrir hvar hann  
kemur.

(Til hljóðfæra heyrir baka til við.)

Þeg, fósttra! kona! Heyrið, heyrið, fósttra!

(Fósttran kemur.)

Vek dóttur okkar, dubbaðu' hana vel upp,  
eg fer á móts við París.—Flýtt þér, flýtt þér!  
Já, flýtið ykkur, brúðguminn er kominn!  
Og flýtið ykkur!

(Þau fara.)

## 5. atriði.

Hörbergi Júlíu.

(Júlía liggur á sænginni; fósttran kemur.)

*Fóstr.*: Þæg, stúlka, Júlía! stúlka, er það svefn!  
Þæg, lamb, lamb, heyrðu! Svei, að dorma  
svona!

Æ, blíða, gæzka, brúður, kona, seg' eg!  
Þú anzar ekki; ætlar víst að vaka  
í viku' á eptir, því að næstu nótt  
mun París gjöra sitt til að þú sofir  
ei fjarska mikið. — Herrann góður hjálpi;  
jú, amen, amen! Sér er þá hver svefninn!  
Nei, hún má til að vakna: ungrú, ungrú!  
já, láttu greifann ganga' að þér í rúmi,  
þú gætir svei mèt vaknað þá.—En hvernig?  
hún hefir klæðzt og lagzt svo út af aptur:  
Þú skalt þá vakna: ungrú, ungrú, ungrú!  
Æ, æ, æ! hjálpið, hjálpið! hún er dáin!  
Æ, hryggðarhörmung! Hvað kom til jeg  
fæddist! —

Hálft staup af rommi!—Greifi! greifakona!

(Frú Kapúlett kemur.)

*Frú K.*: Hvað gengur á?*Fóstr.*: Sá ólánsdagur, æ, æ!*Frú K.*: Nú, hvað er að?*Fóstr.*: Æ, sjáið! hörmung, hörmung!*Frú K.*: Ó, vei! mitt einka barn og einka yndi!

Upp, lítt' upp aptur, annars dey eg líka!

Ó, hjálpið, hjálpið, sækið hjálp!

*Kap.* (kemur): Svo sneypist!  
og flýti hún sér, greifinn bíður búinn.

*Fóstr.:* Æ, hún er dauð og steindauð! Ó, það ólán!

*Frú K.:* Æ, Guð minn góður! hún er dauð, dauð,  
dauð!

*Kap.:* Hó, lof mér lít' á. — Er hún ekki ísköld!  
og blóðið storknað, stirð í öllum liðum? —  
þar liggur hún þá liðin til að sjá,  
sem sumarhæla hylji fagra rósu,  
er engan líka átti sèr í dalnum!  
Ólukkadagur! Æ, mig gamlan fauskinn!

*Fóstr.:* Ságrætilegi dagur!

*Frú K.:* Sorgar-ótið!

*Kap.:* Ó, dauðans hönd, sem hripsar hana frá mér,  
hún heimtar kvein, en bindur fyrir munn  
minn.

(Bróðir Lárenz, París og hljóðsæramenn koma.)

*Lár.:* Til kirkju þá, ef brúðurin er búin.

*Kap.:* Já, búin víst, en kemur aldrei aptur. —  
Æ, son minn! dauðinn svaf hjá brúðurinni  
nóttunni fyr en fengirðu' hennar; sjáðu,  
þar liggur rósin, rifin upp af honum!  
Minn son og arfi er nú dauðinn orðinn,  
hann giptist minni dóttur; eg vil deyja,  
svo erfir hann þá allt, því eptir lífið,  
er eign manns horfin; dauðinn fær þá allt.

*Par.:* Og eg hef lengi þennan morgun þráð,  
og þarna er nú sjónin, sem mér mætir!

*Frú K.:* Bölvaði, argi, óláns-slysa dagur!  
þú allra versta stund, sem tíðin þekkti,  
á sinni löngu, sorgar-grýttu vegferð!  
Eg átti einka-einstakt-einkabarn,



- eitt blessað barn til unaðar og yndis,  
og dauða-grimmdin grípur það nú frá mér!
- Fóstr.:* Ó, voði, voða-, voða-, voða-dagur,  
sá versti dagur, mesti sorgardagur,  
sem eg hef nokkru, nokkru sinni lifað!  
Æ, dagur, dagur; Drottinn minn, sá dagur!  
svo dimmur dagur hefur aldrei sézt;  
æ, sorgardagur, sorgardagur, dagur!
- Par.:* Æ, svikinn, hreiddur, særður, meiddur stend  
eg,  
og blekkur af þér, bölvaðasti dauði!  
já, kvalinn, kreystur; grimmi, grimmi dauði.  
Mitt líf! nei ást—mín ást í faðmi dauðans!
- Kap.:* Hataður, svikinn, hrakinn, kvalinn, drepinn!  
því komstu nú, þú neyðarfulli tími,  
að myrða okkar inndælustu gleði?  
Æ, barn mitt, barn mitt! önd mín, ekki barn  
mitt!
- með þessu barni er öll mín gleði grafin!
- Lár.:* Þeg, blygðist ykkar! enginn stormur stillist  
við slíkan ofsa. Himinn Guðs og þið  
í dóttur ykkar átti hvor sinn hlut;  
en nú á Drottinn aleinn hana alla,  
sem er að vísu henni langt um betra.  
Þið slepptuð ykkar hlut í höndur dauðans,  
en Herrann geymir sinn til eilífs lífs.  
Nú, ykkar fremsta ósk var—hennar upphefð,  
já, það var ykkur á við himnaríki,  
og getið þið nú grátið hennar upphefð  
hátt yfir ský til himnaríkis sjálfs!  
Þið elskið þá ei ykkar dóttur rétt,  
ef ærist þið, en hún er sálpuhólpín.

Ei sú á bezt, sem lengi lifir gípt ;  
 sú lifir bezt, sem ung er mæðu svipt.  
 Svo þerrið tárin ; breiðið blómstur yfir  
 hið bjarta lík og skreytið það að venju,  
 og berið hana klædda út í kirkju. —  
 Þótt brjóst vor ætli að bresta' af harmi sárum,  
 þá brosir skynsemin að vorum tárum.

*Kap. :* Svo gjörvallt það, sem gleðinni var ætlað,  
 það snýst þá upp í angursama útför:  
 hljóðfærasláttur okkar upp í hringing,  
 og brúðkaupsbragur allur upp í erfi,  
 og hjónasálmar upp í líksöngs lög,  
 og brúðarkranzinn breytist um í líkkranz,  
 og gjörvallt breytist gagnstætt okkar vilja.

*Lár. :* Svo farið, herra og frú, og eins þér, París,  
 og búizt skjótt að bera líkið fríða  
 í einum hóp til heilags hvílustaðar.  
 Þið styggðuð áður Herrans hollu náð,  
 því hlýðið nú, og blessið allt hans ráð.

(Kapúlett, frú Kapúlett, París og Lárenz fara.)

*1. fíðl. :* Svo við verðum að stinga þípunum í  
 pokann og hafa okkur af stað.

*Fóstr. :* Já, heillasveinar, látið niður, niður,  
 þið sjáið, hvernig allt er sundur rífið.

(Fer.)

*1. fíðl. :* Ojá, pokann þann arna þarf svei mér að  
 rífa saman.

(Pétur kemur.)

*Pét. :* Spilamenn, spilamenn! — „Hjartafriðinn“,  
 „Hjartafriðinn“! Ef þið viljið jeg haldi lífinu, þá  
 spilið hann.



1. *fiðl.*: Hvers vegna „Hjartafriðinn“?

*Pét.*: Af því, heillapiltar, að hjartað í mér spilar sjálfst: „Hjartað mitt er hlaðið með sorg“. Æ, spilið eitthvert lystilegt himnalag mér til hressingar.

2. *fiðl.*: Nei, engin himnalög, nú er ekki tími til að spila.

*Pét.*: Nú, þið viljið þá ekki gjöra það?

*Fiðl.*: Nei.

*Pét.*: Þá skal jeg láta syngja fyrir ykkur.

1. *fiðl.*: Hvað ætli þú spangóllir í okkar stað?

*Pét.* (dregur sverð): Hérna er seppi, sem skal spangóla við ykkur *út re fa mi*.

1. *fiðl.*: Þykist sá dóni þekkja tóna?

2. *fiðl.*: Kastaðu kutanum, þú hittir okkur samt, sértu hnittinn.

*Pét.*: Já, jeg skal kasta kutanum og hitta ykkur með hnittninni. Svarið þá eins og menn svari.

„Þá hugur minn var hryggðin tóm  
og hjartans angrið sárast meiddi,  
kom sönglistin með silfurhljóm“ —

Því er sagt: „sönglistin með silfurhljóm“? Hvað heldur þú, Pípu-Simbi?

1. *fiðl.*: Það er af því, monsèr minn, að silfrið hefur svo skæran hljóm.

*Pét.*: Jæja, karl minn; en hvað heldur þú, Fiðlu-Jón?

2. *fiðl.*: Jeg segi „silfurhljóm“, af því spilað er fyrir peninga.

*Pét.*: Það er ekki svo vitlaust; en hvað segir þú, Tóna-Kobbi?

3. *fiðl.*: Svei mér ef jeg veit hvað jeg á að segja.

*Pét.*: Fyrirgefðu: þú syngur allt, en segir ekkert. Jeg skal svara fyrir þig: „sönglistin með silfurhljóm“ er sagt af því, að slíkir kompánar, sem þið eruð, fá sjaldan gull fyrir gól. (Syngur.)

„kom sönglistin með silfurhljóm  
og sorgir mínar óðar deyddi.“

(Fer út syngjandi.)

1. *fiðl.*: Hver var þessi bannsetti háðfugl?

2. *fiðl.*: Hengjum hann, Kobbi. En komum inn og bíðum eptir líkfylgdinni og sníkjum okkur mat.

(Fara.)

---

## V. þáttur.



### I. atriði.

Mantúa. Borgarstræti.

(Rómeó kemur.)

*Róm.*: Ef smjaðurauga svefnsins mætti marka,  
þá boðar hann mér fljótar gleðifrèttir.  
Nú situr lætt í sæti brjóstsins kóngur,  
og allan daginn frammar von og venju  
eg verið hefi kátur, hress og lættur.

Mig dreymdi' eg væri dauður og hún kæmi—  
hálfskritið samt, að dreyma' að dauður  
hugsi! —

og kyssti mig og gæfi andann aptur,  
og eg stóð upp og var þá keisari. —  
Ó, hversu ljúf er ástarnautnin sjálf,  
fyrst ástarskugginn á svo mikla sælu! —

(Balthasar kemur.)

Frá Verónsborg! — Hvað ber þú mér í  
fréttum?

Þú flytur sjálfsagt bréf frá bróður Lárenz?  
Er frú mín heil? og faðir minn? Nú, seg  
mér,

er Júlía heil? eg spyr þig að því aptur,  
því öllum líður vel, ef hún á gott.

*Balth.:* Jú, hún á gott, og þá er ekkert að, —  
í Kapúls grafreit hvíla hennar leifar,  
en sálin býr með ódauðlegum englum;  
eg horfði á er, hún var færð til grafar.  
og hleypti strax með tíðindin til yðar.  
Æ, fyrirgef mér þessa sorgarsögu;  
þér sögðuð fyr, eg mætti engu leyna.

*Róm.:* Ef svo er, nú — þá storka' eg ykkur, stjörn-  
ur! —

Þú þekkir hús mitt, heimt mér blek og  
pappír,

og leigðu hesta; hjeðan brott í kvöld! —

*Balth.:* Æ, fyrirgef, eg fer ei burt frá yður;  
eg fælist yðar bleika voða-svip,  
slíkt boðar einhver ósköp.

*Róm.:* Nei, þér skjátlar;

far nú og gjörðu það, sem þjer er boðið.  
Og barst þú ekkert bréf til mín frá Lárenz?

*Balth.:* Nei, góði herra.

*Róm.:* Gott; en far þú nú  
og lána hesta; eg skal óðar koma.

(Balthasar fer.)

Í nótt skal jeg hjá Júlíu minni sofa.  
En hvernig? — Ójú! — Örvingluðum mönnum  
er ólukkan ei sein að fljúga' í hug.  
Nú man eg eptir einum lyfjasala,  
hann býr hær nærri; nýskeð sá eg manninn,  
í rifnum lörfum, brýr hans hængu' í brúsk-  
um,

hann týndi grös, úr svip hans horfði hungrið,  
og horsjúk örbyrgð sat á hverju beini;  
í búð hans sá eg skjaldarböku-skrifli,  
krókóðilshamur hëkk þar ásamt ýmsum  
illkynja-fiskum, hær og hvar um hyllur  
var húsgangslega tildrað baukarusli,  
grænleitum pottum, fúnu fræi, blöðrum  
og snæra-skrani' og skemmdum piparkökum,  
og öllu hrófað svo að sýndist mikið.  
Mær kom í hug við húsgangs-ímynd þessa,  
að skyldi einhver eitur vilja kaupa,  
sem hær í borg er dauðasök að selja,  
þá lèti þetta sultargrey það samt;  
og þessi hugsun vissi á þessa þörf,  
og þessi fátæklingur skal það selja.  
Ef man eg rætt, þá á hann hærna heima,  
en helgur dagur er og grenið lokað. —  
Heyr apótekari! —

*Apót.* (kemur.):

Hver æpir svo?

*Róm.*: Kom, heyr þú mig; eg veit að þú ert vesall;

þigg fjörutlu fríða gullpeninga,  
en fá mèt eitur, bráðdrepanði eitur,  
sem læsir sig svo skjótt um innstu æðar,  
að engum leiðist lífið, sem því bergir,  
en detti dauður, og sem eins hart feykir  
úr bol manns lífi og logi sprengir þúður,  
og sendir fram úr bráðdrepanði byssu!

*Apót.*: Svo banvænt eitur á eg til, en lögin  
það banna' að selja, leggja þar við líf manns.

*Róm.*: Erþ þú svo nakinn, ekkert nema eymdin,  
og óttast dauðann? Hungrið hlær á kinn  
þér,

í augum þínum sveltur sút og áþján,  
um bak þér hangir hörmungin í dulum,  
öll veröldin og veraldarlögin smá þig,  
því aldrei koma' út lög, sem auðga þig;  
tak gullið, vert ei vesall, brjóttu lögin!

*Apót.*: Mín vesöld, en ei vilji þiggur þetta.

*Róm.*: Eg borga þinni vesöld en ei vilja.

*Apót.*: Svo leysið þetta í hverjum lög sem helzt,  
og drekkið það, og þótt þér hefðuð fjör  
við tuttugu menn, þér dæjuð samt á svip-  
stund.

*Róm.*: Svo tak þá gullið — gamalt sálareitur,  
sem myrðir fleiri' í þessum hryggðar-heimi,  
en meinlaust duptið, sem þú mátt ei selja;  
eg seldi eitur þér, en þú ei mèt.

Far vel, kaup mat og flýttu þér að fitna!

(Apótekarinn fer.)

Eg sè ei eitur, heldur heilsu-gjöf,  
að hressast á við Júlíu minnar gröf.  
(Fer.)

## 2. atriði.

Klefi Lárénzar.

(Bróðir Jón kemur.)

*Jón.*: Heyr, helgi bróðir heilags Fransiskusar!

(Lárenz kemur.)

*Lár.*: Eg þekki róminn, þetta er bróðir Jón minn.  
Og hvað er fréttan? Fannstu ekki Rómeó?  
og ef hann reit, þá fá mér bréf hans fljótt.

*Jón.*: Eg fór að leita' upp félagsbróður einn  
af okkar reglu, til að fá til fylgdar  
sem vakir yfir veikum hær í staðnum;  
en vaktararnir, þá þeir sáu okkur,  
þá höldu þeir við hefðum báðir verið  
í húsi nokkru, sem er sótt næmt mjög,  
og læstu okkur inni' og höldu föngrum,  
svo mér var lokuð leið til Mantúuborgar.

*Lár.*: Hver gat þá borið bréfið mitt til Rómeó?

*Jón.*: Eg gat ei sent það, sjáðu, það er hærna;  
ei heldur fékk eg mann að flytja þér það,  
því alla skelfdi þessi skæða drepsótt.

*Lár.*: Æ, sorglegt slys! Eg sver við mína reglu,  
að bréf það var ei marklaust, heldur mjög  
svo áriðandi, og að það ekki komst,  
er dauðans háski. Heyrðu, bróðir, far nú  
og heimta brotjárn; kom með það til klefans



↔—————○—————↔

*Jón.* : Já, bróðir, jeg skal fara og færa þér það.

(Fer.)

*Lár.* : Nú hlýt eg einn að ganga' í grafarhvolfið,  
því eptir liðna eykt mun Júlía vakna,  
og reiðist þá, að Rómeó fèkk ei boðið  
í tæka tíð, um hvernig allt var komið.  
Í annað sinn eg senda hlýt nú til hans,  
en þangað til hann kemur, held eg henni  
hjá mèt á laun. Ó, leiðinlega tóf,  
að liggja kviksett niðri' í dauðs manns gröf!

(Far.)

→→→←←←

### 3. atriði.

Kirkjugarður með grafreiti Kapúletts.

(París kemur og sveinn hans, sem ber blys og blómstur.)

*Par.* : Sveinn, fá mèt blysið ; burtu, stattu fjarri ;  
nei, slökktu, því eg vil ei verða sæður.  
En geym þig undir grátviðinum þarna  
og leggst á eyrað lágt á jörðu niður ;  
af lausri mold og ótal gröfnum gröfum,  
er garðurinn svo holur, að þú heyrir  
hið minnsta hark, og hvísla þá til mín,  
og lát mig vita, ætli einhver hingað ;  
svo gef mèt blómin ; gjör þú sem eg skipa.

*Svein.* : Eg kvíði þessu, að kúra aleinn hér  
í kirkjugarði ; hlýt þó samt að reyna.

(Fer.)

*Par.* : Mitt fríða blóm, með blómstrum skal nú  
stráð

þín brúðarsæng. Þú yndisblíða gröf!  
 þú geymir hér í þínum fölva faðmi  
 þá fullkornustu skuggsjá ódauðleikans.  
 Ó, Júlía, sem átt nú byggð með englum,  
 þigg nú af minni hendi hinnsta ástgjöf,  
 eg heiðraði þig lífs, og nú í dauða  
 læt fórnir tregans fegra þína gröf.

(Sveinninn hvíslar.)

Nú bendir sveinninn; einhver ætlar hingað;  
 hver nöðings-fótstig flana hér um nætur,  
 að trufla minnar tryggðar helgi-viðhöfn?  
 Með blys í hendi. Hyl mig, nótt, um stund.

(Gengur til hliðar. Rómeó og Balthasar koma með blys og pálstaf.)

*Róm.*: Fá þú mér pálinn, einnig innbrotsjárnið;  
 tak þetta bréf, og mundu árla' á morgun,  
 að fá það föður mínum. Gef mér blysið.  
 Og svo — vík burt, ef viltú lífi halda;  
 hvað sem þú heyrir hér og kanntu' að sjá,  
 þá hafðu hljótt og trufla þú mig ekki  
 á meðan eg fer inn í grafar reitinn,  
 að líta enn þá auglit konu minnar,  
 en einkum til að taka' af fingri hennar  
 einn dýran hring, einn hring, sem eg skal  
 hafa

í miklu máli. Far nú burtu, burtu!  
 En dirfist þú að fýsast eptir frekar,  
 um ferðir mínar hér, þá vittu víst,  
 eg sundurslét þig allan, lið frá liði,  
 og sáldra þér um soltinn kirkjugarðinn.  
 Við nóttin erum römm og regintryllt,  
 og heiptúðugri' og harðlyndari miklu,  
 en hundrað ljón og brimöskrandi stórsjór!



*Balth.:* Eg fer, og skal ei hindra yður, herra.

*Róm.:* Þá gjörir þú mér greiða, þiggðu þetta.

(Fær honum pyngju.)

Lif vel og lengi, góður þjónn, og gakk nú!

*Balth.:* Eg sit í leyni samt sem áður hér,  
eg svip hans hræðist, hvað sem eptir fer.

(Færir sig fjær.)

*Róm.:* Hrægrimmi hvoptur! voðalega vargshít!  
þú hefur gleypst hinn bezta bita lífsins;  
eg sprengi nú þitt grotna gin í sundur,  
og gef þér meira, hvort þú vilt eða' ekki!

(Sprengir upp grafreitinn.)

*Par.:* Hvað? er það ofsinn? útlaginn hans Montags,

sem unnustunnar minnar frænda drap?

Það leiddi hana heim af sorg, að sagt er;

hann ætlar sér að níðast hér á nánnum,

en eg skal hepta' hann. Heyr þú, Montags  
fantur!

(Stökkur fram.)

Nei! hættu þessu óguðlega æði!

Fær heipt þín ekki hvíld við þrep skjöld  
dauðans?

Eg tek þig fanginn, fyrirdæmda mannhrak!

Fylg mér og hlýð, þú hlýtur nú að deyja!

*Róm.:* Eg hlýt það víst, og til þess er eg kominn.


Ó, freist ei óðs manns, ungi, góði maður!

æ, lát mig vera; líf á þessa dauðu

og hræðstu þá. Ó, hlað ei, ungi vinur,

á höfuð þetta öðrum nýjum glæp,

og gjör mig ekki óðan. Farðu, farðu!



Það viti Guð eg ann þér meira' en mër,  
því hingað ber eg sverðið á mig sjálfan.  
Á burt sem örskot! Lif, og mundu mig,  
hinn milda vitfirring, sem náðar þig!

*Par.:* Eg anza hvergi áskorunum þínum;  
ólífismaður, kom, eg tek þig fanginn.

*Róm.:* Þú storkar mër! Nú statt' þig, piltur, þá!  
(Þeir berjast.)

*Svein.:* Þeir berjast—æ, æ! eg vil kalla' á vörðinn.  
(Fer.)

*Par. (fellur):* Ó, eg er veginn! Viltu sýna miskunn  
og leggja mig í legstaðinn hjá Júlíu!

*Róm.:* Það vil eg gjöra. — Svip hans vil eg sjá:  
Mercútlós frændi, fagri greifinn, París;  
Hvað sagði þjónn minn, þegar sál mín vit-  
skert

ei heyrði' og skildi hvað hann sagði áðan?  
að Júlía væri greifa París gipt!

Nei, sagði' hann það? nei, það er eflaust  
draumur;

eða' er eg óður? dreg eg það af því  
eg heyrði' að hún var nefnd?—Ó, rétt mër  
hönd!

í sömu ólánsbók við stöndum báðir.

Eg legg þig nú í glæsilega gröf;  
nei, fallni sveinn, í fagra ljósa höllu,  
því Júlía hvílir hér, og hennar fegurð  
um hvelfing þessa verpur dýrð og ljóma.—  
Svo ligg þar dauði, af dauðum manni graf-  
inn!

(Leggur París í grafreitinn.)

Hve margopt glaðnar yfir þeim, sem eru

í andlátinu? það er kallað helfró  
 af þeim, sem stunda sjúka; þessi helfró  
 er nú á mër. — Ó, blíða, blíða brúður!  
 hún Hel, sem gleypti hunang anda þíns,  
 ei hefur enn þá sigrað þína fegurð;  
 þú ert ei sigruð enn, því fríðleiksmerkið  
 með purpuranum prýðir kinn og varir  
 og dauða-fáninn dapri sèst ei enn þá.  
 Og Tíbal! þar ert þú í blóðgum blæjum.  
 Æ, get eg sýnt þér greiða meiri, Tíbal,  
 en ef sú hönd, sem hjó hið unga líf þitt,  
 nú höggur aptur fjandmann þinn til bana?  
 Ó, fyrirgef mër, frændi! — Júlfía, elska!  
 hví ertu enn svo fögur? Get eg ætlað,  
 að blóðlaus dauðinn hafi huga til þín,  
 og helbleikt vofuskrímslið geymi þig  
 í myrkri þessu, eins og ástmey sína?  
 Eg óttast þetta, vil því vera hjá þér,  
 og burt úr þessum dimma dauðasal  
 eg fer ei fet; nei, hær, hær skal eg una  
 hjá skemmu-þernum þínum, yrmlingunum.  
 Já, eillíft óðal hefi eg numið hær,  
 og fleygi oki feigðar-stjörnu minnar,  
 af firna þreyttu, veraldarleiðu holdi.  
 Sjáið nú síðast, augu; faðm nú, faðmur!  
 þið varir mínar, andans dýru dyr,  
 innsiglið nú með helgum koss þá handskrípt,  
 er hljóta skal nú okurkarlinn Dauði.  
 Kom nú, minn leiði förunautur, fram! —  
 Nú, stýrimaður, stýr þá beint í blindni  
 á boðann þínu sollna feigðar-fari! —

Hér, ástin mín! (Drekkur eitrið),  
 Þú laugst ei, lyfjasali,  
 þitt lyf er skarpt. — Svo dey eg þá í kossi.  
 (Deyr.)

(Lárenz kemur hinum megin inn í garðinn, og ber blys og pál og reku.)

*Lár.:* Æ, fylg þú mér nú, Fransiskus inn helgi!  
 En fyrri hef jeg, hrumur maður, hrasað  
 um dauðs manns gröf í dimmu. — Hver er  
 þar  
 svo seint á ferð í framliðinna reiti?

*Balth.:* Einn vinur, sem eg veit þér gjörla þekkið.

*Lár.:* Guð signi þig; en seg mér, góður maður,  
 því lýsir þarna ljós til engra nota  
 hjá ormunum og augnalausum kúpum;  
 það kemur, sjái' eg rétt, frá Kapúls grafreit?

*Balth.:* Já, helgi faðir, húsbóndi minn er þar;  
 þér unnið honum.

*Lár.:* Hverjum?

*Balth.:* Rómeó.

*Lár.:* Nær kom hann hingað?

*Balth.:* Fyrir hálfri stundu.

*Lár.:* Kom með mér þangað.

*Balth.:* Nei, eg þori ekki  
 því húsbóndi minn heldur eg sé farinn;  
 hann hótaði mér áðan hörðum dauða,  
 ef hnýstist eg í hvað hann vildi gjöra.

*Lár.:* Svo bíddu, eg fer einn. Mig grípur ótti,  
 og grunar eitt hið geigvænasta slys.

*Balth.:* Eg sofnaði' áðan undir trènu þarna,

og dreyndi að hann við einhvern annan  
berðist

og hefði betur.

Heyrðu! Rómeó!

(Hér kemur hann):

Þú hér eru allir steinar stöktir blóði,  
þú streymir hér um allt við grafar dýnar.  
Og hér sjást blóðug húsbóndalans sverð  
á heigum tréarstöðvum. Hvað er þetta?  
Fer inn í grafreitina.

„Rómeó“ Dandur! — En hver amar?  
Pars

„Hér stú. Eiver þá hömng ostjörn  
er þú: þessum þurriya abard“

þú valdar.

„Hér er stú.  
Hér er stú. Hér er stú. Hér er stú.  
Hér er stú. Hér er stú. Hér er stú.  
Hér er stú. Hér er stú. Hér er stú.“

„Hér er stú.  
Hér er stú. Hér er stú. Hér er stú.  
Hér er stú. Hér er stú. Hér er stú.“

„Hér er stú.  
Hér er stú. Hér er stú. Hér er stú.  
Hér er stú. Hér er stú. Hér er stú.“

„Hér er stú.  
Hér er stú. Hér er stú. Hér er stú.“

Á hverju heldur hönd þín, elsku-ljúfi?  
 á eiturbíkar, banameini lífs þíns? —  
 Æ, nízkur ertu, annt mér ekki dropa  
 til hressingar; eg hlýt að kyssa munn þinn  
 og vita, hvort á vörum þínum finnst ei  
 nein ögn, sem bæti bölið mitt með dauða.

(Kyssir hann.)

Vör þín er heit.

1. varðmaður (úti): Hvar, sveinn? Kom, vísa veginn.

Júl.: Þeg, hark! — eg hlýt að skunda. — Lukku-  
 hnifur! —

(Tekur daggarð Rómeós.)

fá hærna slíður! ligg þar lengi og ryðga,  
 en lát mig deyja!

(Leggur sig í gegn og deyr yfir líki Rómeós.)

(Varðmenn koma með svein Parísar.)

Sveinn: Lítið þarna staðinn,  
 sem blysið logar.

1. varðm.: Blóðug er hér jörðin,  
 og leitið hér í kring um kirkjugarðinn,  
 og fari sumir; fangið hvern sem hittist.


(Nokkrir varðmenn fara.)

Ó, ljóta sjón! hér liggur greifinn fallinn  
 og Júlía blóðug! volg og varla sáluð, —  
 og hún var hér um daginn jörðuð dái! —  
 Far þú til furstans; finn þú Kapúlett,  
 en sæk þú Montag; sumir leiti betur!

(Aðrir fara.)

Vér sjáum grundvöll hörmunganna hér,  
 en hitta rétta grundvöll þessa voða  
 ei auðnast fyr en atvik fleiri spyrjast.





(Varðmenn koma með Balthasar.)

2. varðm.: Hér innan garðs fannst þessi, þjónn hans  
Rómeós.

1. varðm.: Svo geym hann heilan hér unz furstinn  
kemur.

(Enn aðrir koma með Lárenz.)

3. varðm.: Sjá hér einn munk, sem hristist, grætur,  
stynur,

við tókum þennan pál og þessa reku  
úr höndum hans; hann hittist hinumegin.

1. varðm.: Það vekur mikla grunsemd; gætið monks-  
ins.

(Furstinn kemur með föruneysi.)

Furst.: Hver óhöpp eru hér svo árla' á ferli,  
og heimta oss úr hvíld svo snemma morg-  
uns?

(Kapúlett, frú Kapúlett og fleiri koma.)

Kap.: Hvað gengur á, hví hrópa menn svo hátt?

Frú K.: Á strætum æpir fólkið ýmist „Rómeó“,  
og aðrir „Júlía“, enn þá aðrir „Paris“,  
og hlaupa æpandi til okkar grafreits.

Furst.: Hver ósköp dynja hér í eyrum vorum?


1. varðm.: Lit París greifa, fursti, hann er fallinn,  
eins Rómeó, og Júlía, sú er sáluð  
var sögð fyr' skemmstu, er hér volg og  
ný-myrt.

Furst.: Far, rannsakið, hvað valdi þessum voða.

1. varðm.: Sjá munk einn hér og mann sem fylgdi  
Rómeó,

þeir höfðu tæki hentug til að brjóta  
upp legstað þennan hinna látnu manna.

Kap.: Æ, Drottinn minn' sjá dótturblóðið, kona!



O, lítt' á hnifinn! hann fór skakkt; því sérðu,  
á baki Montags er hans slíður opið,  
í hennar brjóst hann hefur geigað öfugt.

*Friú K.:* Ó, vei mér! þessi kvala-sjón er klukka,  
sem hringir mig til moldar, gamla konu!

(Montag og fleiri koma.)

*Furst.:* Sjá, sjá, þú Montag, árla ertu risinn,  
en sér þó son þinn fyrri fara' í hvílu!

*Mont.:* Æ, herra kær, mín kona dó í nótt,  
hún lézt af harmi út úr Rómeós útlegð.  
Er fleira böll að angra elli mína?

*Furst.:* Innsigla snöggvast æði þinna harma  
unz auðnast oss að greiða þennan vafning,  
svo vitum upphaf, rót og allan gang hans;  
svo verð eg sjálfur hryggðar yðrar höfuð  
og leiði yður beint að dyrum dauðans,  
en meðan stöðvi biðlund yðar böll.  
Fram, fram — með þá, sem þykja grunsam-  
astir!

*Lár.:* Eg stend hér fyrstur; eg, sem minnstu orka,  
er fremst í grun, því bæði stund og staður  
í gegn mér vitna um þessi miklu morðverk.  
Eg stend þá hér, eins með sem mót mér  
sjálfum

og tel mig bæði sýknan mann og sekan.

*Furst.:* Svo seg oss fljótt hið sanna' í þessu máli.

*Lár.:* Eg tala stuttort, þar eð styttra andrúms  
eg spái mér en sæmi mærd og mælgí.  
Hinn myrti Rómeó var maður Júlíu,  
hin myrta Júlía trúföst kona Rómeós;  
eg gipti þau, og þeirra brúðkaupsdagur

varð dauðadagur Tíbalts; þetta fall hans  
það flæmdi burtu brúðgumann úr staðnum,  
og því grèt Júlía, ekki afdrif Tíbalts.

(Til Kapúletts.)

Nú komuð þér og vilduð hugga hana,  
og festuð hana' og vilduð fá með valdi  
hún giptist París; ærð og utan við sig  
fór hún til mín og bað mig ráð að brugga  
að frelsa sig frá seinni giptingunni,  
og kvaðst sig ella myrða í klefa mínum;  
þá tók eg til míns fróðleiks, fann upp svefn-  
lyf

og færði henni, sem þá óðar dugði,  
sem ætlað var; hún hneig sem liðið lík.  
Í millibili reit eg bréf til Rómeós  
og bað hann koma þessa þrauta-nótt  
að taka hana' úr hennar lánsgröf með mér,  
því áhrif drykksins áttu þá að hætta.  
En bróðir Jón, sem bréfið skyldi flytja,  
fèkk hindrun, svo að hann kom með það

aptur

í gærdag seint; eg gekk þá einn á stað  
í sama mund og sett' eg henni að vakna,  
að frelsa hana' úr frænda sinna grafreit,  
og hugði' að leyna henni' í klefa mínum  
unz fengist stund að finna bónda hennar;  
en þá eg kom og örstutt dvöl var eptir  
af svefni hennar, sè eg báða dauða,  
hinn tryggva Rómeó og hinn prúða París;  
þá sezt hún upp; eg sárbið hana' að koma  
og bera Drottins kross með kjarki' og þreki,  
en þá kom hark, sem hræddi mig í burtu;

en hún svo óð og hamslaus vildi' ei fylgja,  
og hefur meitt sig sjálfa, að það sýnist.  
Eg veit ei meira. Hennar hjónaband  
veit fósttran. Nú, nú, finnist eg þá sekur  
í nokkru þessu, býð eg fram í bætur  
hið gamla líf mitt, litlu fyrir tímann,  
að dæmast eptir dómi strangra laga.

*Furst.*: Þú hefur jafnan verið haldinn helgur.  
Nú, Rómeós þjónn, hvað veit hann satt að  
segja?

*Balth.*: Eg flutti Rómeó fregn um andlát Júlíu;  
frá Mantúu hann hleypti þá með hraða  
unz hingað kom og inn að þessum grafreit;  
hann bað mig færa föður sínum bréf,  
og bjó sig til að brjóta þessa hvelving,  
og kvaðst mig drepa, ef eg ekki flýði.

*Furst.*: Fá þú mér brjefið, eg vil sjá þess efni. —  
En hvar er greifans sveinn, er sótti vörð-  
inn?

*Sveinn*: Hann kom með blóm að breiða' á leiði Júlíu  
og bauð mér standa fjarri, sem eg gjörði;  
þá kemur einn með ljós að brjóta' upp leiðið  
og rétt á eptir ræðst minn herra' á manninn,  
og hljóp eg þá að hrópa' á varðmennina.

*Furst.*: Og bréfið sannar sögu mannsins alla,  
það segir enn hann hafi keypt sér eitur  
af lyfjasala' og ætli' að halda hingað  
og fylgja lífs og liðinn sinni Júlíu. —  
Nú, miklu fjandmenn, Montag! Kapúlett!  
sjá, hversu Drottinn hegnir ykkar hatri,  
hann hefur ykkar gleði steyp't með elsku!



og eg, sem þoldi ykkar vonða fjandskap,  
hef misst tvo frændur: öllum hlaut að hefnast.

*Kap.:* Ó, bróðir, Montag, bjóð mér þína hönd,  
eg bið um dóttur minnar forlagseyri  
og heimta' ei meir.

*Mont.:* En meira vil eg gjalda;  
úr skíru gulli skal hún hljóta varða,  
og meðan nokkur nefnir Verónsborg  
skal hvergi finnast mynd á vengi víðu  
eins vegsamleg og Júlu hinnar fríðu!

*Kap.:* Þíns sonar mynd skal hennar standa hjá,  
svo heiptarfórnir beggja megi sjá!

*Furst.:* Oss færir þessi dagur dapran frið  
og drottning ljóssins felur hryggva brá.  
Vér skulum enn þá eigast meira við  
og einn skal laun, en hinn skal refsing fá.  
Því engum raunir auðnan þyngri bjó  
en ungri Júlu og Rómeó.

(Þeir fara.)



## Athugasemdir.

Rómeó og Júlía er eithvert hið alkunnasta sorgarspil Shakspæares, og hefur opt verið kallað „ástarinnar eigið sjónarspil“. Að hrósa slíkum leik, segir enskur listamaður einn, væri sama sem að gylla glóandi gull.

1. þátt, 1. atr. Shakspeare byrjar opt einkennilega sína leiki, en sjaldan kemur betur fram en hér hans dramatiska djúpsæi þegar í byrjuninni, er þjónum ættanna lendir saman. Einnig í því, að hann lætur Rómeó vera ástfanginn í Rósalínu, áður en byrjar hans mikla ást til Júlíu. Hann vildi sýna mun ástar-*dráma*, og sannrar, ósigrandi ástar.

1. þ., 3. atr. *Fóstran* er mikil og merkileg persóna í leik þessum, einkum við hliðina á hinni barnslega fögru Júlíu. Orð hennar: „Datztu núna á nefið“ o. s. frv., eru að vísu miður siðleg nú á dögum, en þau stinga vel í stúf við sakleysi Júlíu, sem einkum lýsir sér í svari hennar við móðurina rétt á eptir: „Það er sú upphéð, sem mig aldrei dreymdi um.“

1. þ., 4. atr. „Við notum engan blindingsbundinn Amor“ (ástargod); það lýtur til, eins og fleira í þessu atriði, síða á þeim tímum, er grímuleikir voru haldnir. Orðagléns Mercútíós er víða erfitt að þýða.

2. þ. 1. atr. „—kónginn, sem fékk flökkukind“. Það lýtur til vissrar munnmælasögu.


2. þ. 4. atr. „Hann er enginn kattakóngur“. Í ensku sögunni „Reynard the Fox“ kallast kötturinn Tybalt. Í þessu atriði eru og nokkrir orðaleikir, sem ekki er auðvelt að þýða, og stöku einni, sem Mercútíó raular til fóstrunnar, er sleppt. Orðin *Pardonnez-moi* o. fl. tilgerðarorð eru skensyrði, sem lúta að sundurgerð manna í tali á dögum skáldsins, og er reynt að sýna það með sams konar viðhöfn á voru máli. Af samræðu Rómeós og Mercútíós sést, að nú er annað orðið skap hins fyrnefnda. Við hina sönnu ást endurfæðist hann og fær nýja og heila heilsu.

Þar sem tvíræðir eða flóknir staðir finnast í leik þessum, sem kynnu að þykja miður heppilega þýddir, þá skal þess getið, að þýðarinn hefur þá optast nær fylgt hinni meistaralegu sænsku þýðingu eptir *C. A. Hagberg*, eða þá hinni lipru dönsku þýðingu eptir *Lembke*. Á einum eða tveim stöðum hefir þýðarinn sleppt að þýða alik orð, en sem engin áhrif hefur haft á samband eða efni.


Fegurstu og alkunnustu kaflar leiksins teljast: Í 1. þætti endi 5. atr. (þegar Rómeó hittir Júlíu á grímuleiknum), og 2. og 3. atr. í 2. þætti (Rómeó og Júlía, og Lárenz munkur); 2. og 3. atr. í 3. þætti (Júlía og fóstran, og hjá Lárenz), og 5. atr. allt; 3. og 5. atr. í 4. þætti (Júlía drekkur svefndrykkinn, o. s. frv.); allur 5. þáttur.

Af *karaktérum* leiksins dást menn mest að Rómeós og Júlíu sjálfra; eptir þeim lagast og myndast hin haga og djúpsæa bygging þessa sorgarspils og koma þeir sjálfir þar við til fullkomnunar fram; enda styðja og fylla *þessa* karaktéra allir hinir. Rómeó með sína hreinu og háu eldsál hefur við hlið sér hinn káta, holdlega Mercútió, en Júlía fóstru sína. París greifi er hinn frídasti og ágætasti maður, en í augum Júlíu gildir hann ekkert; svo er ást hennar á Rómeó rik og háleit. Þá er og munkurinn Lárenz merkilegur. Vit hans og kænsla verður ekki einungis ónytt aðstoð, heldur einmitt verður hann óvitandi verkfærið, sem framleiðir hinn dapra refsidóm, sem gegnum *elskuna* kemur í koll *hatrinu*.


---













3 2044 020 428 967

**THE BORROWER WILL BE CHARGED AN OVERDUE FEE IF THIS BOOK IS NOT RETURNED TO THE LIBRARY ON OR BEFORE THE LAST DATE STAMPED BELOW. NON-RECEIPT OF OVERDUE NOTICES DOES NOT EXEMPT THE BORROWER FROM OVERDUE FEES.**

WIDENER  
WIDENER  
MAY 4 1996  
APR 18 1996  
BOOK DUE  
CANCELLED

